

JÓGVAN HANSEN

Á hnífabryni sem er sérstöku uppáhaldi

• matur • heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Fyrirtaksíbúðir við vinsæla strönd á Spáni

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Í þínum höndum!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. september 2008 — 251. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Ánægðir með Ísland

Blaðamaður tímaritsins Musicweek skrifar um tónlistarráðstefnuna You Are in Control og eys íslenska tónlist lofi.

FÓLK 22



Brugðið á leik

Menningar- og fjölskylduhátíð Breiðholts hefst í dag með metnaðarfullri dagskrá.

TÍMAMÓT 18

Kvikmyndahandrit í tískubók

Útdrátt úr nýju handriti Þorgríms Þráinssonar má lesa í kynningarbók tískumerkisins Andersen&Lauth.

FÓLK 30

Allt um mörkin 100

Tryggvi Guðmundsson er kominn í góðan en fámennan hóp mestu markaskorara Íslands.

ÍPRÓTTIR 25

VEÐRIÐ Í DAG



DÁLÍTIL VÆTA Í dag verða suðvestan 5-10 m/s. Þurrkt að mestu fyrir norðan og austan en annars smá skúrir sunnan- og vestanlands. Hiti verður víða á bilinu 10-16 stig, hlýjast norðaustanlands.

VEÐUR 4

Króna eða evra einu raunhæfu kostirnir

Uptaka svissnesks franka og norskrar krónu koma ekki til greina að mati gjaldmiðilsnefndar Framsóknarflokksins. Nefndin skilar skýrslu á morgun þar sem segir að króna með stórum gjaldeyrisvarasjóði eða evra henti best.

EFNAHAGSMÁL Stórefling krónunnar eða uptaka evru eru þeir kostir sem standa til boða sem gjaldmiðill til framtíðar fyrir íslenska hagkerfið. Aðrir kostir, svo sem uptaka svissnesks franka og norskrar krónu, koma ekki til greina. Þetta er meginniðurstaða nýrrar skýrslu gjaldmiðilsnefndar Framsóknarflokksins. Skýrslan verður kynnt formlega í hádeginu á morgun.

Verði sú leið valin að viðhalda krónunni sem framtíðargjaldmiðli myndi það að mati nefndarinnar fela í sér að stórefla yrði gjaldeyrisvarasjóðinn, með þeim mikla

tilkostnaði sem því fylgir fyrir íslenskt hagkerfi. Einnig yrði stjórn peningastefnunnar að taka breytingum.

Nefndin telur að uptaka evru sem gjaldmiðils myndi fela í sér umsókn um fulla aðild að peningamálastefnu Seðlabanka Evrópu.

Að mati nefndarinnar er evran sá erlendi gjaldmiðill sem hentar íslensku hagkerfi best. Hún sé stór, alþjóðlegur gjaldmiðill sem endurspeglar utanríkisviðskipti þjóðarinnar. Uptaka annarra gjaldmiðla er ekki talin koma til greina af hálfu nefndarinnar.

Gjaldmiðilsnefnd Framsóknarflokksins vann skýrsluna undir forystu Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, fyrrverandi alþingismanns. Nefndin, sem í sitja fulltrúar úr öllum kjördæmum, fékk sérfræðinga og hagsmunaaðila í lið með sér til að greina stöðuna í gjaldmiðilsmálum.

Efni skýrslunnar hefur verið kynnt þingmönnum flokksins, og verður kynnt formlega á opnum fundi á morgun. Nefndin kemst auk þess að þeirri niðurstöðu að mistök hafi verið gerð í hagstjórn landsins á uppgangstíma síðustu ára. - kg



BETUR FÓR EN Á HORFÐIST Ökumaður missti stjórn á bíl sínum á Laugavegi, gegnt Filadelfíusafnaðarhúsinu, um hálfsexleytið í gærdag. Billinn fór eina veltu og skall utan í tvo aðra bíla. Engin slys urðu á fólki, en billinn sem valt er töluvert skemmdur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Upplýsingafulltrúi á Dalvík með söfnun fyrir 400 milljóna króna kafbáti: Skoðunarferðir í kafbát um Eyjafjörð

FERDAIÐNADUR Tveggja manna kafbátur verður leigður til Dalvíkur frá US Submarines í Bandaríkjunum næsta sumar. Tveir sérfræðingar koma með bátinn til að meta hvort raunhæft sé að bjóða upp á neðansjávar-skoðunarferðir fyrir ferðamenn í Eyjafirði. Þetta kom fram á hugmyndaþingi sem Samtök atvinnulífsins, SA, stóðu fyrir á Hofsósi nýlega.

Hugmyndin er að starfrækja kafbát fyrir 36 farþega og sigla um Eyjafjörð á tólf sjómílna hraða ofansjávar og fimm sjómílna hraða neðansjávar, skoða undur hafsins og elta hvali.

Haft er eftir Frey Antonssyni,



KAFBÁTUR Dalvíkingar og nágrennar hafa hug á því að flytja inn kafbát og bjóða upp á kafbátaferðir fyrir ferðamenn um Eyjafjörð.

upplýsingafulltrúa Dalvíkurbyggðar, á vef Samtaka atvinnulífsins, að hugmyndin sé bæði djörf og áhættusöm en hún sé

einstök á heimsvísu á tvennan hátt.

„Í fyrsta lagi er hvergi í heiminum boðið upp á hvalaskoðun neðansjávar. Í öðru lagi er hvergi boðið upp á kafbátaferðir fyrir ferðamenn á kafbát sem gengur hraðar en þrjár til fjórar sjómílnur ofan- eða neðansjávar,“ segir á sa.is.

Kafbáturinn kostar 400 milljónir króna og leitar Freyr að stuðningi við innflutninginn. Hugmyndin hefur þegar fengið stuðning frá opinberum aðilum en meira vantar til að hægt sé að ljúka forathugun á rekstrarmöguleikum kafbátsins. - ghs

Sænskur aðstoðarráðherra: Evra án ESB mjög langsótt

EVROPUMÁL Möguleikinn á að Íslendingar geti samið um aukaaðild að myntbandalagi Evrópusambandsins á grundvelli EES-samningsins er mjög langsóttur.

Þetta er álit Hákan Jonsson, aðstoðarevrópumálaráðherra Svíþjóðar.

Jonsson segir jafnframt að Svíar myndu fagna því mjög ef Íslendingar ákveddu að sækja um fulla aðild að ESB. Hann sé þess fullviss að finna megi lausn á hverju því sem upp kunnir að koma í aðildarviðræðum. En hann varar við því að hefja slíkar viðræður á kröfum um undanþágur frá gildandi reglum ESB, svo sem á sviði sjávarútvegsmála.



HÁKAN JONSSON

- aa / sjá síðu 12

Besti vinur mannsins:

Hundurinn hringdi á hjálp

BANDARÍKIN, AP Hundur að nafni Buddy reyndist eiganda sínum, Joe Stalnaker, harla vel þegar í harðbakkann sló. Þegar Stalnaker fékk alvarlegt flogakast gerði Buddy sér lítið fyrir og hringdi í neyðarlínuna.

Á símsvörunarstöð neyðarlínunnar í Phoenix í Arizona heyrðist hundurinn væla og gelta í símann. „Halló, þetta er 911. Halló, heyrirðu í mér?“ sagði sá, sem svaraði kallinu.

Lögregla var strax send á heimilisfangið, og Stalnaker var fluttur á sjúkrahús þar sem hann dvaldi í tvo daga.

Buddy er reyndar þjálfaður til að hringja í neyðarlínuna þegar Stalnaker fær flog, og hefur gert það tvisvar áður.

- gb

Tvöfaldir Vildarpunktur í september
Gildir af allri veltu

Kortíð sem kemur þér út

www.americanexpress.is

KREDITKORT er útgáfandi American Express® á Íslandi

Kafbátur mánaðarins

6 tommu bátur Skinkubátur

329 kr.

Gildir í sept 2008

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

HjartaHeill

Amerískir dagar

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS



Stefán Karl, ertu að hætta í Latabæ vegna eineltis?

„Nei, en að gefnu tilefni vil ég benda á samtökin mín Regnboga-börn.“

Stefán Karl Stefánsson leikari hefur sagt upp störfum í Latabæ eftir níu ára starf. Hann er stofnandi Regnbogabarna, samtaka um varnir gegn einelti.

Fjölskyldur frá S-Kóreu hittast: Veikindi Kims vekja upp vonir

SUÐUR-KÓREA, AP Margar fjölskyldur frá Suður-Kóreu vonast til að alvarleg veikindi Kims Jong Il, leiðtoga

Norður-Kóreu, verði til þess að þær geti styrkt tengsl sín við skyldmenni sín handan landamæra.

„Ég klappaði af gleði þegar ég horfði á sjónvarpsfréttir af veikindum Kim,“ sagði hinn 75 ára Jung Hwa-Ja, sem er fæddur í Norður-Kóreu en býr í Suður-Kóreu. „Ég vona að Kim Jong Il deyi fljótlega svo ég geti heimsótt heimabæ minn í norðinu.“

Jung tilheyrir fjölskyldu sem safnast saman á hverju ári við banka árinna sem skilur Suður- og Norður-Kóreu að til að minnast skyldmenna sinna sem búa handan landamæra. - fb



KIM JONG IL

Íslamskir öfgamenn:

Vilja eitru vatn í Danmörku

BANDARÍKIN Íslamskir öfgamenn hafa verið að spá í það hvernig eitru meg neysluvatn í Evrópuríkjum, meðal annars í Danmörku og Bretlandi.

Þetta kemur fram í skýrslu frá bandarísku stofnuninni James-town Foundation, sem fylgist með starfsemi hryðjuverkamanna um heim allan.

Í skýrslunni er sagt frá hugmyndum um hryðjuverk, sem íslamskir öfgamenn hafa verið að senda sín á milli á netinu, meðal annars um hvaða aðferðir dugi til að eitru vatnsból, meðal annars í hefndarskyni fyrir dönsku skopmyndirnar af Múhamed spámanni. - gb

Maður var handtekinn í Leifstöð með vegabréf handa hælisleitanda:

Kínverji grunaður um mansal

REYKJANESBÆR Kínverskur maður er í haldi lögreglunnar í Reykjanæsbæ vegna gruns um mansal. Hann var handtekinn í Leifstöð á fimmtudag með vegabréf handa ungrri kínverskri konu. Konan er í hópi þeirra hælisleitanda sem húsleit var gerð hjá í Njarðvík á fimmtudag.

Maðurinn, sem er búsettur í Amsterdam, var handtekinn á fimmtudag með vegabréfið, sem hann gat ekki gefið skýringar á. Í ljós kom að vegabréfið var ætlað ungrri, hælisleitandi kínverskri konu sem kom hingað til lands í sumar. Maðurinn og konan áttu svo pantað flug til Evrópulands í

dag. Lögregla telur að hefði konunni verið veitt hæli hér á landi hefði hún verið skuldbundin til að greiða glæpamönnum af launum sínum. Samkvæmt Jóhanni R. Benediktssyni, sýslumanni í Keflavík, mun algeng upphæð fyrir flutninga af þessu tagi vera um 50.000 til 60.000 Bandaríkjadalir, eða um fimm milljónir króna.

Lögreglu er heimilt að halda manninum í sjö daga, eða fram til næsta fimmtudags. Að þeim tíma liðnum verður að leggja fram umsókn um gæsluvarðhald. Jóhann segir málið enn í rannsókn, en það hafi á sér allt yfirbragð mansals. - kg



LEIFSTÖÐ Maðurinn var handtekinn með vegabréf handa ungrri kínverskri konu í fórum sínum. Hann er nú í vörslu lögreglu.

Grafalvarlegt að villa um fyrir fjárfestum

Forstjóri Kauphallarinnar segir grafalvarlegt að blekkja fjárfesta eins og Sunday Times telur að hafi verið gert með bókhaldsbrotum hjá ferðaskrifstofunni XL Leisure til að móðurfélagið á Íslandi liti betur út. Eimskip rannsakar fortíðina.

VIÐSKIPTI „Það er auðvitað grafalvarlegt ef það er verið að villa um fyrir fjárfestum,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands um fullyrðingar í Sunday Times að bókhald bresku ferðaskrifstofunnar XL Leisure hafi verið fegrað til að láta móðurfélagið Avion Group líta betur út á hlutabréfamarkaði heima á Íslandi.

Þórður tekur skýrt fram að Kauphöllin hafi ekki kynnt sér þær ásakanir sem fram koma í Sunday Times og vísa til atburða á árinu 2006. „Ég kannast ekki við þetta mál en við munum kíkja á þetta á morgun [í dag],“ sagði Þórður er rætt var við hann undir kvöld í gær.

Avion sameinaðist Eimskip með yfirtöku á árinu 2005. Félagið var skráð í Kauphöll Íslands í janúar 2006. Í nóvember á því ári tók Avion upp nafn Eimskips. Gengi hlutabréfa félagsins var um 40 í ársbyrjun 2006. Við lokun Kauphallarinnar á föstudag var gengið aðeins 8 og hafði þá fallið um fimmtung þannig daginn í kjölfar fréttu af gjaldþrota XL Leisure.

Eins og komið hefur fram er Eimskip í ábyrgð fyrir XL Leisure sem nemur jafnvirði 26 milljarða króna sem Landsbankinn hafði lánað til kaupa á félaginu með því skilyrði að Eimskip gengist í ábyrgð fyrir upphæðinni.

Þórður Friðjónsson bendir á að Fjármálaeftirlitið hafi málefni Eimskips nú þegar til skoðunar. „Við skoðum að sjálfsögðu hvort um er að ræða einhver brot á



EXCEL AIRWAY XL Leisure hét Exel Airways þegar Avion Group festi kaup á félaginu.

Við skoðum að sjálfsögðu hvort um er að ræða einhver brot á okkar reglum.

ÞÓRÐUR FRÍÐJÓNSSON
FORSTJÓRI KAUPHALLARINNAR

okkar reglum en auðvitað er langbest að málið sé bara í skoðun á einum stað í einu þannig að það sé ekki tvíverknaður. Ég geri ráð fyrir því að að forminu til þá yrði málið meira hjá fjármálaeftirlitinu,“ segir Þórður.

Forsvarsmenn Eimskips vildu tjá sig um þetta mál í gær en stjórnfélagsins sendi hins vegar frá sér yfirlýsingu þar sem fram kemur að hún gangist nú fyrir eigin rannsókn á tilteknum atriðum sem tengist rekstri félagsins frá fyrri tíð. Eimskip muni ekki



BALDUR GUDNASON

fjalla um þessi atriði opinberlega fyrr en niðurstaða rannsóknarinnar liggja fyrir. Í yfirlýsingu er einnig víkið að stefnu Baldurs Guðnasonar, fyrrverandi forstjóra félagsins, á hendur Eimskip vegna vanefnda á starfslokasamningi. Telur Baldur Eimskip skulda sér jafnvirði 140 milljóna króna. Segir stjórni að félagið muni ekki fjalla um það mál á meðan það sé til meðferðar hjá dómstólum en staðfestir þó að allar greiðslur til Baldurs hafi verið stöðvaðar í maí í vor.

gar@frettabladid.is

Neyðarástandi aflýst í Taílandi:

Fældi ferðamenn í burtu

TAÍLAND, AP Stjórnvöld í Taílandi hafa aflýst neyðarástandi sem var tilkynnt fyrir tæpum tveimur vikum í landinu. Telja þau að ástandið hafi fælt ferðamenn frá því að heimsækja landið.

Átök milli stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna hafa geisað í Taílandi að undanförmu og var tilkynnt um neyðarástandið eftir að einn lést og tveir særðust hinn 2. september. Forsætisráðherra Taílands hvatti í gær deiluáðila til að ná sáttum. „Ef neyðarástand verður áfram í gildi gæti það skaðað efnahag landsins. Þess vegna aflýsi ég neyðarástandinu,“ sagði forsætisráðherrann. - fb



Á VETTvangi Brak úr vélinni dreifðist um stórt svæði. NORDICPHOTOS/AFP

Flugslysið í Rússlandi:

Vélarbilun líklegasta orsökina

RÚSSLAND, AP Nærri níutíu manns fórust þegar farþegaþota hrapaði í útjaðri bæjarins Perm í Rússlandi. Svo virðist sem bilun í hreyfli hafi valdið slysinu, en í fyrstu vaknaði grunur um hryðjuverk.

Farþegaþotan, sem var af gerðinni Boeing 737-500, var á leiðinni frá Moskvu til Perm, sem er borg við Úralfjöll. Hún var að lækka flug til lendarar í lélegu skyggni þegar hún hrapaði á óbyggðu svæði í borginni, skammt frá íbúðabyggð.

Aðeins þrjár vikur eru síðan farþegaþota af sömu gerð hrapaði í Kirgisistan skömmu eftir flugtak. - gb

KJARAMÁL

Temmilega bjartsýn

Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmeðrafélags Íslands, segist vera temmilega bjartsýn fyrir næsta samningafund í kjaradeilu Ljósmeðra, sem haldinn verður á morgun.

SÚÐAN

Nýjar árásir á Darfúr

Fyrirverandi uppreisnarmenn í Darfúráraði, sem undirrituðu friðarsamning við súdönsk stjórnvöld fyrir tveimur árum, segja að stjórnarherinn, sem á í átökum við aðra uppreisnarhópa norðarlega í héraðinu, hafi nú í fyrsta sinn í langan tíma gert árásir sunnarlega í héraðinu.

Sarah Palin varaforsetaefni sökuð um spillingu og misnotkun valds:

Ræður vini sína í embætti

BANDARÍKIN, AP „Við ætlum að hrista upp í hlutunum,“ sagði Sarah Palin, varaforsetaefni repúblikana í Bandaríkjunum, á kosningafundi í Carson City í Nevada um helgina.

Hún boðar miklar umbætur í Washington og stærir sig af því að hafa útrýmt spillingu í Alaska síðan hún tók við sem ríkisstjóri þar fyrir tveimur árum.

Sjálfr hefur hún hins vegar verið sökuð um að hafa misnotað völd sín, bæði í ríkisstjóraembættinu og einnig þegar hún var bæjarstjóri í Wasilla. Palin er sögð óspart hafa rekið hvern þann sem henni þóknadist ekki, en í staðinn ráðið vini sína og kunningja í æðstu embætti.

Ríkisþingið í Alaska er meðal annars að rannsaka hvort hún hafi með ólögmætum hætti rekið Walt Monegan, almannaafulltrúa ríkisins, eftir að hann neitaði að

Forsetakosningar 2008

reka Mike Wooten, lögreglumann sem var þá nýskilin við systur Palin.

Hún hefur einnig orðið uppvis að því að gera meira úr utanlandsferðum sínum, en efni standa til. Aðstoðarmaður hennar fullyrkti til dæmis á laugardaginn að hún hefði komið til Íraks, þegar hún heimsótti bandaríska hermenn í Kúvæt og Þýskalandi á síðasta ári. Sannleikurinn mun vera sá að hún fór aldrei lengra en að landamærum Íraks og Kúvæts. - gb

SARAH PALIN Kom í fyrsta sinn fram ein á kosningafundi á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



www.ostur.is

Veldu létt
... og mundu eftir
ostinum!



Í þínum höndum!

BYRJADU AÐ FLOKKA OG ENDURVINNA Í FJÓRUM EINFÖLDUM SKREFUM

Skref 1

Það er í þínum höndum að ákveða hvaða úrgang þú ætlar að flokka og skila til endurvinnslu. Vel gæti reynst að byrja smátt en bæta svo smám saman við eftir því sem þú venst hugmyndinni. Í öllum sveitarfélögum er tekið á móti spilliefnum og langflest þeirra taka við pappa, pappír og plasti til endurvinnslu.

Taktu ákvörðun



Kynntu þér safnstöðvar

Skref 2

Á vef Úrvinnslusjóðs má finna upplýsingar um allar safnstöðvar á landinu.



Merktu við á dagatalinu

Skref 3

Nokkur fyrirtæki og sveitarfélög bjóða upp á flokkunartunnur fyrir endurvinnanlegan úrgang við heimahús. Kynntu þér hvernig málunum er háttað í þínu sveitarfélagi.

Flokkaðu

Skref 4

Flokkun þarf ekki að taka mikið pláss og hún þarf ekki að kosta neitt. Endurvinnsla er í þínum höndum.



15. til 19. september verður endurvinnsluvika haldin í fyrsta sinn á Íslandi. Úrvinnslusjóður stendur að átakinu í samvinnu við umhverfisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, Endurvinnsluna, SORPU, Gámaþjónustuna og Íslenska gámafélagið. Allir eru hvattir til að flokka og endurvinna en lögð verður sérstök áhersla á að kynna mikilvægi endurvinnslu í framhaldsskólum. Flestir framhaldsskólar landsins taka þátt í endurvinnsluvikunni.

Nánari upplýsingar um vikuna, þátttakendur og dagskrá má sjá á www.urvinnslusjodur.is/endurvinnsluvika

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	90,42 90,86
Sterlingspund	160,10 160,88
Evra	127,52 128,24
Dönsk króna	17,107 17,207
Norsk króna	15,713 15,805
Svænsk króna	13,399 13,477
Japanskt jen	0,8418 0,8468

SDR 139,32 140,16

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

168,4152

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



HÚSAVÍK Fjölbýlishús fyrir geðfatlaða veldur orðahnippingum.

Skipulagsnefnd Norðurlþings: Deilt um íbúðir fyrir geðfatlaða

HÚSAVÍK Fyrirhugað sex íbúða fjölbýlishús á Höfðavegi á Húsavík veldur deilum í skipulags- og byggingarnefnd Norðurlþings. „Það hefur hvergi komið fram opinberlega að íbúðirnar séu ætlaðar geðfötludum, þó að flestum sem um málið hafa fjallað sé það ljóst,“ bókuðu fulltrúar minnihlutans sem telja álitamál hvort farið sé á svig við lög og reglur varðandi úrræði í málefnum geðfatlaðra. Þótt byggingin sé í óþökk margra nágretta hafi minnihlutinn þó ekki útgáfu byggingarleyfis. Fulltrúar meirihlutans sögðu aðeins tvo af fjórtán nágrönnum hafa gert athugasemd. Það væri ekki málefni nefndarinnar hverjir byggju í íbúðunum. - gar

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur við Ingunnarskóla

Eldur kom upp í blaðagámi við Ingunnarskóla í Grafarholti rétt eftir miðnætti í fyrrinótt. Að sögn slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu er talið að um íkveikju hafi verið að ræða.

Grunaður um ölvun

Átján ára piltur var handtekinn grunaður um ölvunarakstur á leið frá Flateyri til Ísafjarðar. Atburðurinn átti sér stað klukkan rúmlega þrjú í fyrrinótt.

Engir uppreisnarmenn féllu í afdrifaríkri árás á afganskt þorp í ágúst:

Bandaríkjaher lét ljúga að sér

AFGANISTAN, AP Bandaríkjaher hafði fengið rangar upplýsingar þegar árás var gerð á bæinn Azizabad í Herat þann 22. ágúst síðastliðinn. Árásin kostaði allt að níutíu almenna borgara í þorpinu lífið, en ekki einn einasti talibani eða annar uppreisnarmaður féll.

Þetta fullyrðir Humayun Hamidzada, talsmaður Hamids Karzais forseta, sem lengi hefur gagnrýnt harðlega loftárásir Bandaríkjahers á afgönsk þorp.

Upplýsingarnar sem Bandaríkjamenn byggðu árás sína á komu frá afgönskum andstæðingum þorpsbúanna í Azizabad. Þorpsbúarnir segja að maður að nafni Nader Tawakil, sem er af öðrum ættbálki, hafi komið þeim upplýsingum til Bandaríkjamanna að herskárir uppreisnarmenn talibana hafi verið í þorpinu.

Reyndin er þó sögð sú, að árásinni hafi verið

beint að afgönskum starfsmönnum bresks öryggisfyrirtækis og fjölskyldum þeirra. Það sé ástæða þess að Bandaríkjaher hafi fundið vopn í þorpinu að árásinni lokinni.

Bandaríkjaher neitaði því strax að almennir borgarar hefðu fallið í árásinni, en hélt því fram að 30 uppreisnarmenn hefðu fallið. Síðar var bandarísk rannsókn sögð hafa leitt í ljós að 35 uppreisnarmenn og sjö almennir borgarar hefðu fallið.

„Ekki einn einasti talibani var drepinn,“ sagði Hamidzada, „þannig að þetta var algjör hörmung, og svo gerði illt verra að öllu var neitað.“

- gb

SÝNIR MYNDIR AF LÁTNUM ÆTTINGJUM Þessi afganska kona missti nokkra ættingja sína í árásinni á Azizabad.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Veðjað á séríslenska umhverfisvottun

Íslenskt umhverfismerki fyrir sjávarafurðir lítur dagsins ljós í næsta mánuði. Norðmenn hafa á sama tíma tekið upp alþjóðlegt merki sem er hafnað hér. Hagsmunum betur borgið með séríslensku merki, segir sjávarútvegsráðherra.

SJÁVARÚTVEGUR Hönnun á íslensku umhverfismerki fyrir fiskafurðir lítur dagsins ljós í byrjun næsta mánaðar. Um er að ræða merki sem vísar til íslensks uppruna afurða með tilliti til ábyrgra fiskveiða. Á sama tíma hafa norskir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi ákveðið að taka upp útbreiddustu umhverfismerkingu sjávarafurða í heiminum. Því merki hefur íslenskur sjávarútvegur alfarið hafnað.

Íslenskt merki hefur því verið í undirbúningi um nokkurt skeið á vettvangi Fiskifélags Íslands. Kristján Þórarinnsson, stofnvistfræðingur hjá LÍÚ, er einn þeirra sem hafa haft veg og vanda að undirbúningnum. Um íslenska merkið segir hann nauðsynlegt að gera greinarmun á vottun og umhverfismerki og fiskveiðistjórnun. Fiskveiðistjórnun sé verkefni stjórnvalda en vottunin sé markaðstól fyrst og fremst. „Þetta vinnur þó saman því vottun og merki virkar ekki nema á forsendum góðrar fiskveiðistjórnunar.“

Heyrst hafa gagnrýnisráddir erlendra kaupenda á íslenskum fiski um þá stefnu að treysta á séríslenskt merki á þeim forsendum að léttara væri að taka upp þekktari vottun eins og MSC, sem er útbreiddasta umhverfismerkið í sjávarútvegi. Það myndi spara háar fjárhæðir við kynningu sem auk þess tekur mikinn tíma. „Vottun er miklu meira en merkið,“ segir Kristján. „Fyrir okkur snýst þetta ekki um merkið eitt og sér. Markaðssetning þess gerist sjálf-



ÚR FISKBORÐINU Málið snýst um sönnunarbyrði þess að fiskafurðir séu veiddar á sjálfbæran hátt sem er talið munu hafa mikið markaðsgildi á næstu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Okkur hefur ekki hugnast að setja þessa ábyrgð í annarra hendur því við vitum ekkert í hvaða átt þessi mál munu þróast.

KRISTJÁN ÞÓRARINSSON STOFNVISTFRÆÐINGUR HJÁ LÍÚ

krafa í viðskiptum og öllu skiptir að þeir sem kaupa okkar fisk viti að þeir séu að kaupa fisk sem veiddur er á ábyrgan hátt. Okkur hefur ekki hugnast að setja þessa ábyrgð í annarra hendur því við vitum ekkert í hvaða átt þessi mál munu þróast.

Helstu gagnrýnendur MSC til

skamms tíma voru Norðmenn og var gagnrýni þeirra samhljóma gagnrýni LÍÚ og annarra hagsmunaaðila hér á landi. Nú hafa þó helstu hagsmunasamtök norsks sjávarútvegs ákveðið að taka upp MSC-vottun á mörgum af helstu nytjategundum sínum.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að farið hafi verið rækilega í gegnum málið og niðurstaðan sé einróma hjá greininni. „Ástæðan er einfaldlega sú að menn telja að út frá hagsmunum íslensks sjávarútvegs sé þetta fyrirkomulag betra en að taka upp erlent merki. MSC er eitt þeirra í hópi fjölmargra.“

svavar@frettabladid.is

Langbreyttir á straumrofum: Rafmagnsleysi ekki eðlilegt

SVEITARSTJÓRNIR „Straumrof með tilheyrandi tjóni fyrir framleiðslufyrirtæki og alla aðra starfsemi þykja vera of tíð og eigi sér ekki eðlilegar skýringar í ófyrirséðum bilunum,“ segir á vef Grundarfjarðar þar sem fram kemur að bæjarstjórnin krefjist betri þjónustu af Landsneti og RARIK.

„Bæjarstjórn Grundarfjarðar lýsir yfir þungum áhyggjum af afhendingaröryggi rafmagns í Grundarfirði í ljósi siendurtekens rafmagnsleysis. Bæjarstjórn krefst þess að RARIK ohf. og Landsnet hf. láti nú þegar gera úttekt á flutnings- og dreifikerfi rafmagns í Grundarfirði og geri viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja afhendingaröryggi rafmagns í bæjarfélaginu,“ segir í áskorun bæjarstjórnar Grundarfjarðar. - gar

Silva vill leyfa reykingar:

Brasilíuforseti vekur óánægju

BRASILÍA, AP Luiz Inacio Lula da Silva Brasilíuforseti vakti ekki mikla hrifningu meðal landsmanna þegar hann sagðist telja að leyfa ætti reykingar alls staðar.

Reykingar eru bannaðar innandyra víðast hvar í Brasilíu, og almennt virðist ánægja með þetta fyrirkomulag. Samkvæmt nýrri skoðanakönnun eru 77 prósent íbúa óánægðir með þetta nýjasta útspil forsetans, sem hugðist koma reykingafólki til varnar.

Þrátt fyrir þetta eru Brasilíubúar almennt ánægðir með forseta sinn. Hann nýtur stuðnings 64 prósent landsmanna.

- gb

SIEMENS

Tæki færi

í september

Tækifæriskomurinn kominn út. Skoðið tilboðin á heimasíðu Smith & Norland: www.sminor.is

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000 www.sminor.is

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

BREYTINGAR FRAMUNDAN Síðdegis á morgun fer að hvesa um landið vestanvert þegar kröpp lægð nálgast landið. Búast má við allhvössu veðri víða um land aðfaranótt miðvikudags og rigningu í öllum landshlutum á miðvikudag. Fremur milt verður í veðri.

Á MORGUN 10-20 m/s, stífastur vestan til.

MIÐVIKUDAGUR Víða hvassviðri fyrri part dags.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	17°
Billund	16°
Ósló	16°
Stokkhólmur	15°
Gautaborg	17°
London	18°
Paris	18°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	14°
Berlín	18°
Alicante	27°
Mallorca	27°
Basel	13°
Eindhoven	17°
Las Palmas	24°
New York	32°
Orlando	33°
San Francisco	22°

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Haust & vetrarveisla

Frábær sértíloboð til fjölda áfangastaða í haust og vetur!

Kynntu þér fjölda einstakra sértíloboða á www.heimsferdir.is og tryggðu þér haust- eða vetrarfrí á frábærum kjörum!

Mjög takmarkaður fjöldi sæta í boði. **Bókaðu núna!**

Sölu tímabil
6.-20. sept.



Borgarferðir Frá kr. 24.900



Haust- og vetrarveislu
Heimsferða er dreift
með Fréttablaðinu í dag.

Borgarveisla í beinu flugi!

- Barcelona
- Prag
- Búdapest
- Kraká
- Montreal
- Róm
- Sikiley
- Stuttgart/
Heidelberg

Karabíska hafið

Frá kr. 99.900
– allt innifalið í 9 nætur



- Dóminíska lýðveldið
- Barbados
- Kúba

Kanarí og Tenerife



Frábær
sértíloboð
– beint vikulegt
morgunflug í allan vetur



Frá kr. 55.350



Heimsferðir

KJÖRKASSINN



Gætir þú hugsað þér að starfa sem lögregluþjónn?

Já	29,4%
Nei	70,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Býst þú við áframhaldandi mót-vindi í efnahagslífinu?

Segðu þína skoðun á Vísir.is.



Fulltrúi í bæjaráði Akureyrar: Menningarhús ráði sér sjálft

AKUREYRI Oddur Helgi Halldórsson, áheyrnarfulltrúi L-listans í bæjaráði Akureyrar, segir furðulegt að bærinn skuli auglýsa eftir framkvæmdastjóra fyrir menningarhúsið í bænum.



ODDUR HELGI HALLDÓRSSON

„Meirihluti bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar sagði það eitt af meginrökum fyrir að setja rekstur menningarhúss undir sjálfseignarfélag að við það öðlast hús sjálfstæði og ekki væri hætta á fhlutun bæjaryfirvalda,“ bókaði Oddur. Hann telur það gjörsemlega á skjön við röksemdarfærsluna fyrir því að setja rekstur menningarhússins í hendur sjálfseignarfélags að bærinn ákveði hver verður framkvæmdastjóri þar.

- gar

AKUREYRI

Stjórnmálaflokkar fá hækkun

Stjórnsýslunefnd Akureyrar leggur til við bæjarstjórn að fjárhagstuðningur bæjarsjóðs við stjórnmálasmáttaka og frambjóðenda hækki um 50 prósent á næsta ári og verði samtals þrjár milljónir króna í stað tveggja milljóna eins og styrkurinn er í ár.

Fimm manns í haldi lögreglu eftir hrottalega líkamsárás í Þorlákshöfn:

Illa særður eftir alvarlega árás

LÖGREGLUMÁL Pólskur karlmaður á þrítugsaldri hlaut alvarlega áverka eftir að ráðist var á hann með eggvopni í Þorlákshöfn í fyrrinótt. Að sögn lögreglunnar á Selfossi var árásin mjög alvarleg en líðan mannsins í gær var þokkaleg og var hann ekki lengur í lífshættu.

Lögreglan var kölluð á vettvang að fjölbýlishúsi laust fyrir klukkan þrjú vegna hávaða og brothljóðs sem heyrðist þaðan. Er komið var á vettvang var karlmaðurinn þar utandyra ásamt löndum sínum og hafði hann verið skorinn og stunginn með eggvopni. Hann var fluttur á sjúkrahús á Selfossi þar sem lækni gerði að sárum hans.

Svo virðist sem til átaka hafi komið inni í íbúð í fjölbýlishúsinu. Réttarlæknir frá rannsóknarstofu Háskóla Íslands rannsakaði í gær þolandann og þá fimm sem í íbúðinni voru. Gert var ráð fyrir að yfirheyrslur yfir þeim myndu standa fram á nótt. - fb



ÞORLÁKSHÖFN Atvikið í fyrrinótt átti sér stað í heimahúsi í Þorlákshöfn.

Daglegir eldar í Noregi:

Grunur um brennuvarg

NOREGUR Slökkviliðið í Björgvin í Noregi hefur haft í nógu að snúast síðustu daga. Gömul sögufræg hús hafa orðið eldinum að bráð og grunur er um að kveikt hafi verið í viljandi.

Á laugardaginn tókst að slökkva eld áður en illa fór, og í gær var tilkynnt um eld í kjöllum sem þó tókst að slökkva fljótlega.

Á föstudaginn brann sjóbuð frá átjándu öld, og sást til mannaferða á staðnum skömmu áður en eldsvoðinn braust út.

Fyrir viku brunnu einnig fjórar sjóbuðir, og er skaðinn ómetanlegur.

- gb

Útgöngubann í eina viku

Fellibylurinn Ike hefur að mestu lognast út af en skilur eftir sig gríðarlega eyðileggingu, rafmagnsleysi og flóð sem torveldar björgunarstarf. Hamfarasvæðin verða lömuð næstu vikur og útgöngubann er í Houston.

BANDARÍKIN, AP Fellibylurinn Ike hefur kostað að minnsta kosti sjö manns lífið í Texas og Louisiana, en óttast er að sú tala eigi eftir að hækka. Víða er fólk einangrað á heimilum sínum vegna flóða.

Borgaryfirvöld í Houston, fjórðu stærstu borg Bandaríkjanna, ákváðu í gær að setja á útgöngubann sem gilda á í eina viku. Íbúum borgarinnar er bannað að vera á ferð utandyra frá klukkan 18 síðdegis til klukkan 9 að morgni.

Þetta er gert af öryggisástæðum, vegna þess að borgin er að mestu rafmagnslaus og þar með ljóslaus, og verður það væntanlega að miklu leyti næstu vikurnar.

Talið er að um 140 þúsund manns hafi haldið sig heima við á verstu hamfarasvæðunum, þrátt fyrir að yfirvöld hafi hvatt alla til að forða sér áður en fellibylurinn skall á. Í gær unnu hópar björgunarfólks að því að koma aðstoð og nauðsynjum til þeirra, sem komust hvergi að heiman vegna flóða og skemmda.

Aðrir, sem höfðu flúið að heiman, hafa víða ekki fengið að snúa aftur heim til sín vegna ástandsins, sem þykir hættulegt heilsu fólks.

„Þetta vekur töluverða reiði hjá íbúunum, ég skil það svo sem,“

sagði Charlie Skinner, lögregluþjónn í Seabrook, litlu bæjarfélagi við ströndina, þar sem hann stóð við vegartálma og skipaði fólki að snúa aftur til baka.

Brown Claybar, bæjarstjóri í Orange, 19 þúsund manna bæ á Galveston-skaga, segir að um þriðjungur bæjarlandsins sé undir flóðavatni, sem er allt upp í tveggja metra djúpt. Hann segir að hátt í 400 manns hafi haldið sig heima við, og þurfi nú á aðstoð að halda.

Ástandið var einna verst á Galveston-skaga, þar sem stórir bátar höfðu meðal annars slitnað upp og þeyst á íbúðabyggðina.

Gríðarlegar skemmdir urðu á húsum og sums staðar mátti sjá að hús höfðu hrunið saman, þannig að efri hæð með þaki var komin niður á jörðina þar sem neðri hæðin var. Brak úr skemmdum húsum lá eins og hráviði út um allt.

George W. Bush forseti ætlar til Texas á morgun til að sýna samúð sína með íbúum hamfarasvæðanna.

gudsteinn@frettabladid.is

ALLT Á TJÁ OG TUNDRI Íbúi í Galveston í Texas gengur hjá spýtnabraki á strandgötu í bænum. Eyðileggingin af völdum fellibylsins var gríðarleg í bænum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Um þriðjungur nemenda hefur sótt um náms:

Námsmannakortin vinsæl

SAMGÖNGUR Um sex þúsund námsmenn í framhalds- og háskólum á höfuðborgarsvæðinu hafa fengið nemakort frá Strætó bs., en þau gefa frítt í strætó. Þá hafa fjögur þúsund námsmenn sótt um að auki. Um 30 þúsund eru í framhalds- og háskólum á svæðinu.

Reynir Jónasson, forstjóri Strætó bs., segir viðtökurnar í takt við væntingar. Gert hafi verið ráð fyrir að á bilinu 12 til 14 þúsund námsmenn nýttu sér kortið. Von sé á holskeflu um áramótin. „Þetta er svipað og á síðasta skólaári. Þá bættust um 2.000 við í janúar og ætli það verði ekki svipað uppi á teningnum nú,“ segir Reynir.

Reynir segir að námsmenn séu

um 37 til 38 prósent notenda strætisvagna. Á síðasta skólaári jukust innstig í vagnana um 700.000, en óvíst er hver raunveruleg farþegaþróun var.

„Kannanir sýna að þeir sem notuðu strætó fyrir hafi notað hann meira vegna kortanna. Við þurfum að ná betur til þeirra sem nota hann sjaldan eða aldrei.“

Þetta er í annað árið í röð sem námsmenn fá frítt í strætó á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Álftanes, Seltjarnarnes og Mosfellsbær standa að nemakortinu í ár. Garðabær, sem var með í verkefninu í fyrra, tekur ekki þátt núna.

- kóp



STRÆTÓ Um þriðjungur námsmanna í framhalds- og háskólum á höfuðborgarsvæðinu kominn með nemakort.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Obama halar inn fé:

Metinnkoma í ágústmánuði

BANDARÍKIN, AP Barack Obama, forsetaefni demókrata í Bandaríkjunum, heldur áfram að raka inn fé til kosningabaráttu sinnar. Í ágúst síðastliðnum söfnuðu 66 milljónir dala í sjóði hans.

Þetta er nýtt met, en fyrra metið var febrúarmánuður þegar 55 milljónir dala söfnuðust í sjóði Obama. Obama hafnaði því að fá fé úr opinberum sjóðum til kosningabaráttu sinnar. Mótframbjóðandinn John McCain náði að safna 47 milljónum í ágúst, en hann ákvað að þiggja fé úr opinberum sjóðum og stendur að því leyti betur að vígi.

- gb

SLYS

Harður tveggja bíla árekstur

Harður árekstur tveggja bifreiða varð á Breiðholtsbraut í fyrirkvöld laust fyrir klukkan tíu. Tveimur bifreiðum var ekið hvorri framan á aðra og voru fjórir fluttir á slysideild. Meiddsl þeirra eru talin óveruleg. Bílarnir eru báðir gjörónýtir og voru þeir fluttir í burtu með kranaþreifi.



Þér er boðið að sitja þing Neytendasamtakanna 2008

Taktu þátt og hafðu áhrif

Þing Neytendasamtakanna 2008 verður haldið á Hótel Hilton Suðurlandsbraut 2, Reykjavík daganna 19. og 20. september nk.

Fyrri dagurinn er opin öllum. Dagskráin hefst föstudaginn 19. sept. kl. 14 með ávarpi Forseta Íslands, viðskiptaráðherra og heilbrigðisráðherra. Þá eru eftirfarandi liðir á dagskrá:

- Felast hagsmunir neytenda í Evrópusambandsaðild?
- Hvernig má styrkja stöðu neytendamála hér á landi?
- Tryggingamarkaðurinn á Íslandi.
- Stefna Neytendasamtakanna 2008-2010.

Á síðari deginum fara fram hefðbundin þingstörf og er hann eingöngu opin skráðum þátttakendum sem eru félagsmenn í Neytendasamtökunum. Ertu félagsmaður - taktu þátt í starfinu! Ef þú ert ekki félagsmaður getur þú skráð þig í samtökin og á þingið fyrir fimmtudaginn 18. september.

Skráning á opna dagskrá fyrir alla eða sem félagsmaður fer fram í síma 545 1200 eða á ns@ns.is



Landsliðið í körfubolta

verður í Select í Smáranum
í dag milli kl 17-19

Landsliðsmenn árita og gefa plaköt
Heppnir viðskiptavinir fá landsliðstreyjur

Strákarnir taka vel á móti þér



Powerade og HríS fyrir alla

made to move 

KORTER-15

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungum með leyfi Shell Brands International AG.





- 1 Hvaða danska banka stóð til að Kaupþing tæki yfir?
- 2 Hvers eðlis voru skemmdirnar sem voru unnar á vaxmynd Adolfs Hitler á safni í Berlín?
- 3 Valsstúlkur tryggðu sér Íslandsmeistaratitil í fótbolta um helgina með sigri á Stjórnunni. Hvernig fór leikurinn?

SVÖR Á Síðu 30

Akraneskaupstaður kærður fyrir að semja án útboðs um tölvuþjónustu bæjarins:

Ráðuneytið óskar eftir skýringum

SVEITARSTJÓRNIR Samgönguráðuneytið óskar eftir skýringum Akraneskaupstaðar á því að tölvuþjónusta bæjarins var ekki boðin út heldur samið beint við Tölvuþjónustu SecureStore ehf.

„Það virðist ekki hafa verið gengið eðlilega til þessa verks. Til dæmis er ekki fengið samanburðarverð hjá samkeppnisaðilum,“ segir Eyjólfur S. Stefánsson tölvurekstrarfræðingur sem kærði bæjaryfirvöld til ráðuneytisins.

Eigendur Tölvuþjónustunnar SecureStore ehf. eru fjárfestirinn Bjarni Ármannsson og Örn Gunnarsson – sem er sonur Gunnars Sigurðssonar, forseta bæjar-



GUNNAR SIGURÐSSON

stjórnar. Fyrirtækið hefur um langt skeið annast tölvuþjónustu fyrir bæinn.

Gunnar Sigurðsson segir að ekkert óeðlilegt hafi verið við það að semja við SecureStore.

Sjálfur hafi hann þó hvorki tekið þátt í umræðum um málið né afgreiðslu málsins í bæjarstjórn.

„Samkvæmt mínum heimildum var verkið alls ekki tilbúið til útboðs en með þeirri vinnu sem nú

„Það virðist ekki hafa verið gengið eðlilega til þessa verks. Til dæmis er ekki fengið samanburðarverð hjá samkeppnisaðilum.“

EYJÓLFUR S. STEFÁNSSON
TÖLVUREKSTRARFRÆÐINGUR

á að vinna vonumst við til að þetta verði tilbúið í útboð á næsta ári.

Ef þetta hefði þurft að fara í útboð hefði þetta auðvitað farið í útboð. Við höfum ekki hag af því að brjóta á einum eða neinum og fara ekki eftir leikreglum,“ segir forseti bæjarstjórnar.

Barnaskóli Hjallastefnunnar: Fimmtán barna grunnskóli

MENNTUN Hjallastefnan hefur rekestur grunnskóla í Reykjavík í byrjun næsta mánaðar. Þetta var samþykkt af menntaráði borgarinnar í síðustu viku. Fyrst um sinn verður skólinn innan veggja leikskólans Laufásborgar. Þar eru nú þegar tíu sex ára börn í námi ásamt fimm ára gömlum börnum.

Skólinn tekur til starfa í byrjun október. Tveir grunnskólakennarar og tveir leikskólakennarar munu starfa við skólann fyrsta árið en Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri og stofnandi Hjallastefnunnar, munu gegna starfi skólafyrsta fyrsta starfsárið.

- kdk

Svansmerkt RV hreinsiefni
- með ferskum ilmi

Á kynningarverði
Svansmerkt RV hreinsiefni með ferskum ilmi.

Á tilboði í september 2008
Svansmerktar Lotus Professional pappírvörur **20% afsláttur**

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV

Breiðholtsdagar hefjast í dag: Forseti Íslands setur hátíðina

REYKJAVÍK Breiðholtsdagar hefjast í sjötta sinn í dag og standa yfir til laugardags. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og Dorrit



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Moussaieff verða gestir hátíðarinnar í dag. Forsetinn setur hátíðina formlega klukkan 14. Um leið opnar hann málverkasýningu heyrnarlausra myndlistarmanna í Félagsmiðstöðinni Árskógum.

Alla morgna klukkan 7.30 verður pottakaffi í Breiðholtslaug og verður Þórarinn Eldjárn borgarlistamaður gestur í dag. Þá verður Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, í pottakaffi á fimmtudag.

Helstu markmið Breiðholtsdaga eru að stuðla að aukinni samheldni, samveru og hverfisvitund íbúa þar sem fólk á öllum aldri kemur saman á ýmsum stöðum til að auðga andann og skemmta sér.

NORÐURÞING

Fá ekki að reka smáhýsi

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands segist í umsógn til sýslumanna leggja gegn notkun fjögurra smáhýsa í Keldunesi til ferðaþjónustu. Húsin voru reist í sumar án samþykkis sveitarstjórnar.



LÖGREGLAN Ráðamenn á höfuðborgarsvæðinu eru ósáttir við fækkun lögreglumanna frá árinu 1990 en íbúum hefur fjölgað um 40 þúsund síðan þá.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ósáttir við færri löggur

Bæjarstjórnar í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ hafa áhyggjur af fækkun lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu og telja að bæta þurfi ástandið.

LÖGREGLUMÁL Bæjarstjórnar í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ hafa allir miklar áhyggjur af fækkun lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu. Eins og kom fram í Fréttablaðinu á laugardag hefur þeim fækkað um sextán frá árinu 1990 á sama tíma og íbúum hefur fjölgað um rúm fjörutíu þúsund.

Bæjarstjórnarnir, sem og Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, telja allir að snúa þurfi þessari þróun við. „Þetta er bara í takt við það sem við höfum verið að gera athugasemdir við. Við höfum látið það koma skýrt fram að við séum ósáttir við það hvernig er verið að draga saman í löggæslunni hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er mjög fróðlegt að fá þetta svart á hvítu í tölum og þetta er í anda þess sem við skynjum og finnum,“ segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar. Hann segir sýnileika lögreglunnar í hverfunum ekki þann sama og áður. „Forvörnin og öryggið byggir ekki síst á því að við vitum að menn eru til staðar.“

Ekkert hlustað á rövlíð

Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, segist lengi hafa haft áhyggjur af ástandinu. „Samsetning lögregluliðsins er þannig að þeir eru allir inni á kontór en ekki úti á svæðinu. Við höfum rövlað og ég kannski hvað hæst í þessu en það er ekkert hlustað á það þannig að þetta stendur svo leiðis.“

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, er á sama máli. „Við höfum auðvitað áhyggjur af því að missa þessa nær-lögreglu eins og við vorum með áður en kom til þessi breyting á lögregluskipan á landinu. Við misstum að okkur finnst dálítið sambandið við hverfa-

lögregluna. Svo eru mörg sveitarfélög farin að ráða viðbótarkraft til að halda uppi ákveðinni öryggisgæslu, eins og Securitas,“ segir Gunnar. „Við í Garðabæ höfum ekki farið þá leið og ég held að lögreglan þyrfti að skoða það hvort það sé ekki hægt að koma upp þannig kerfi að það verði annað lag fyrir neðan núverandi lögreglu sem hefði með ákveðna öryggisvörslu að gera, sem væri innan lögreglunnar og hefði beinar upplýsingar frá lögreglunni.“

Fáliðuð á mikilvægum vöktum

Dagur B. Eggertsson segir að auka þurfi sýnilegu löggæsluna til muna. „Lögreglan hefur því miður þurft að vera mjög faliðuð á mikilvægum vöktum í sumar þannig að á þessu þarf einfaldlega að taka vegna þess að þetta er grunnþjónusta í samfélaginu sem við vitum að skilar miklum árangri ef hún er eins góð og við og lögreglan viljum hafa hana.“ Hann er einnig ósáttur við kjör lögreglumanna og telur þau vera tímasprengju. „Ég hef ekkert legið á því að þessar grunnstéttir sem eru umönnunarstéttir, heilbrigðisstéttir, kennarar og lögreglu- og slökkvilið, það þarf að huga að kjörum þeirra.“

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir mikilvægt að lögreglumönnum fjölgi í samræmi við íbúa. „Það er mikilvægt er að löggæslan verði eflað og þá ekki síst svokölluð hverfalöggæsla sem reynst hefur afar vel. Ég treysti dómsmálaráðuneytinu og lögreglusambandinu á höfuðborgarsvæðinu til að vinna að framgangi þessa máls þannig að löggæslumál í borginni og í nágrennasveitarfélögum séu með viðeigandi hætti fyrir íbúa og öryggi þeirra,“ segir Vilhjálmur.

freyr@frettabladid.is



sjónlag
augnlækningar
laseraðgerðir



Tilkynning


Hef flutt augnlæknastofu mína í nýja augnlæknastöð okkar í Sjónlagi í Vesturhúsi Glæsibæjar, 5. hæð.

Ólafur Már Björnsson, augnlæknir.

Sérfræðingur í sjónhinnulækningum og

sjónlagslækningum með laser.

Fyrst og fremst í heilsudýnum



Stillanleg rúm með okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu á góðu verði

Scape Wallhugger – Eitt með öllu

- þráðlaus fjarstýring
- sér stilling fyrir höfuðlag
- nudd
- sleði sem leggst upp að vegg
- afar hljóðlætt og þægilegt í notkun

Scape	Verð
120x200	309.900
160x200	479.900
180x200	499.900
KING SIZE	519.900



IQ-CARE ein allra besta heilsudýna sem hægt er að fá í dag. Fæst í 2 stifleikum.

Proflex er mest selda stillanlega rúmið hjá okkur, enda á góðu verði


Proflex	Verð
160x200	279.900
180x200	299.900



Violino
leðurhægindastólar,
ítölsk hönnun. Þrír litir.
Verð 79.900.

6 mánaða
vaxtalausar greiðslur

IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR



WILLIS & GAMBIER
svfnherbergis-
húsgögn



Allt að 50% afsláttur af völdum svfnherbergishúsgögnum



Óseyri 2

AKUREYRI



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is



AGNARSMA RISAPANDA Þessi nýfædda risapanda er kvenkyns og kom í heiminn í japönskum dýragarði nú á laugardaginn. NORDICPHOTOS/AFP

Veiðar á stórfiski geta leitt til þess að fiskur framtíðarinnar verði smærri og lakari:

Stórfisksveiðar geta skaðað fiskistofna

VÍSINDI Veiðar á stórfiski geta leitt til þess að fiskur framtíðarinnar verði smærri og lakari. Þetta skýrist af því að ef hæfustu eða stærstu einstaklingar úr stofnum eru sífellt valdir úr en þeir minni skildir eftir, líkt og gert er við fiskveiðar á sumum stofnum með veiðarfærum, leiðir það til þess að þeir smærri fjölga sér meira og tíðni gena í stofninum breytast.

Um þessi mál er fjallað í vísindatímaritinu Journal of Environmental Economics and Management eftir Daða Má Kristófersson, sérfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.



FISKVEIÐAR Gott er að hafa þróunarkenningu Darwins í huga við fiskveiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Greinin fjallar um hagkvæmstu nýtingu erfðaaðlinda.

Maðurinn hefur þá sérstöðu meðal rándýra að geta valið hvaða einstaklinga hann veiðir.

Minnt er á að eiginleikar í stofnum dýra ráðast af erfðum. Því mun val á bráð eftir eiginleikum hennar hafa áhrif á tíðni gena í stofninum. Á sama hátt og val rándýrsins á veikasta einstaklingnum stýrir þróun hjá bráðinni í átt til hæfari einstaklinga getur til dæmis val á stórum fiski leitt til smærri og verðminni einstaklinga í framtíðinni.

Því er mikilvægt að taka tillit til erfðaaðlinda við stjórnun á nýtingu náttúruaðlinda.

- kdk

Samgönguvika að hefjast:

Íbúar hvattir til að bæta loftið

UMHVERFISMÁL Samgönguvika hefst í sjötta sinn á morgun og stendur hún yfir til 22. september. Fjölmarginir viðburðir verða í boði, þar á meðal hjóladagur, strætódagur, og Tjarnarspretturinn þar sem þaulvanir hjólréiðamenn keppa. Borgarbúar eru jafnframt hvattir til að hvíla bílinn mánudaginn 22. september.

„Í samgönguviku viljum við vekja íbúa til umhugsunar um hreint loft í borginni, hvað hver og einn getur gert til að bæta loftgæði og ferðavenjur sínar,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður umhverfis- og samgönguráðs. - fb



Glímutök geðsjúkdóma á aðstandendum

Fundur um málefni aðstandenda geðsjúkra

18. september á Grand Hótel Reykjavík kl. 19:00-20:30 í samvinnu AstraZeneca, Geðhjálpar og Geðsviðs LSH.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra setur fundinn.

Fundarstjóri: Þórgunnur Ársælsdóttir, geðlæknir.

18:30-19:00 Hressing og skráning.

Fyrirlesarar:

19:00-19:40 Pete Earley, aðstandandi og höfundur bókarinnar *CRAZY: a Father's Search Through America's Mental Health Madness* sem tilnefnd var til Pulitzer bókmenntaverðlaunanna 2007.

19:40-19:55 *Rebbi og græni frakkinn* - ætluð börnum geðsjúkra.

19:55-20:15 Hulda Dóra Styrmsdóttir, aðstandandi: „Hafa skal það sem betra reynist“

20:15-20:30 Samantekt/Umræður

Skráning á fund:

Katrín Sveinsdóttir sími 535-7186

katrin@veritascapital.is

í síðasta lagi fyrir 17. sept.



Álið skilar 55 milljörðum í þjóðarbúið

Gangi spár eftir nema útflutningstekjur af áliðnaði 166 milljörðum króna á árinu. Álið nemur um 30 prósentum af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar. Álútflutningur eykst um 70 prósent á þessu ári.

ÍÐNAÐUR Gert er ráð fyrir að álverin þrjú á Íslandi skili um 55 milljörðum króna til þjóðarins á þessu ári. Er það um þriðjungur af heildartekjum þeirra, sem samkvæmt spám verða um 166 milljarðar króna. Þegar tekjur þjóðarins eru fundnar út er horft til alls innlands kostnaðar álveranna. Felst hann einkum í raforkukaupum, launakostnaði, sköttum til ríkis og sveitarfélaga og kaupum á innlendra vöru og þjónustu.

Þessar upplýsingar er að finna í svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sværissdóttur, varaformanns Framsóknarflokksins.

Í því kemur jafnframt fram að samtals starfa næstum 1.500 manns í álverum á Íslandi. 540 starfa hjá Ísal í Straumsvík, 477 hjá Norðuráli á Grundartanga og 450 hjá Fjarðaáli í Reyðarfirði. Alls voru 400 manns við sumarafleysingar hjá fyrirtækjunum og að þeirra mati eru um 3.100 afleidd störf af starfsemi þeirra.

Með stækkun Norðuráls og tilkomu Fjarðaáls hefur álframleiðsla aukist verulega. Ofan á framleiðsluaukningu hefur heimsmarkaðsverð á áli hækkað mikið. Að því samanlögðu er áætlað að álið nemi rúmum 30 prósentum af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar á þessu ári. Sé aðeins litið til vöruútflutnings er hlutféll áls tæp 45 prósent.

„Ég get ekki hugsað það til enda hver staðan væri ef ekki hefði verið ráðist í stórfamkvæmdirnar á sínum tíma.“



VALGERÐUR SVÆRRISDÓTTIR VARAFORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS

„Þetta eru háar tölur og ástæða fyrirspurnarinnar var einmitt að fá á einu blaði hve mikilvæg þessi starfsemi er fyrir þjóðarbúið,“ segir Valgerður Sværissdóttir. Hún segir hátt hlutféll áls í vöruútflutningi ársins helgast að nokkru leyti af samdrætti í þorskveiðum sem einmitt sýni hve miklu máli álið skipti. „Ég get ekki hugsað það til enda hver staðan væri ef ekki hefði verið ráðist í stórfamkvæmdirnar á sínum tíma.“

Valgerður segir að í ljósi efnahagsástandsins nú sé mikilvægt að ráðast í fyrirhugaðar framkvæmdir í Helgúvík og á Bakka og auka þannig erlenda fjárfestingu í landinu. Ekki síst þar sem fjárfestar hrökkluðust nýverið frá Þorlákshöfn. „Ástæða þess var meðal annars sú að ríkisstjórnin virðist ekki sinna þessum málum og frekar setja fóttinn fyrir dynnar en hitt,“ segir Valgerður.

bjorn@frettabladid.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Rólegt þrátt fyrir mikla ölvun: Sex teknir fullir undir stýri

LÖGREGLUMÁL Ökumenn sex bíla voru stöðvaðir grunaðir um ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt. Einni bifreiðinni hafði verið ekið á umferðarljós við gatnamót Miklubrautar og Stakkahlíðar laust eftir klukkan tvö. Tveir karlmennt á fertugsaldri voru í bílnum og voru þeir báðir handteknir. Ekki er ljóst hvor þeirra keyrði bílnum.

Lítil erill var hjá lögreglunni í miðborginni en þó var töluvert um ölvun. Alls voru átta manns látnir dúsa í fangageymslum lögreglunnar vegna mikillar ölvunar. - fb

Kynningarfundir um nýbyggingu Listaháskóla Íslands voru vel sóttir um helgina:

Þekking á tillögunni kallar fram ný viðhorf

SKIPULAGSMÁL Á annað hundrað manns sóttu opna kynningarfundir á vegum Listaháskóla Íslands í Regnboganum í gær þar sem starfsemi skólans og vinningsstillaga í samkeppni um nýtt hús var kynnt almenningi.

„Við höfum haldið sambærilega kynningarfundir fyrir ýmsa hópa og reynsla okkar er sú að með þekkingu á tillögunni koma fram ný viðhorf hjá fólki. Margir sem voru neikvæðir í upphafi skipta um skoðun þegar þeir skoðu tillöguna og kynnast hugsuninni á bak við hana,“ segir Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskólans.

Mörk Vals: Elvar Friðriksson 8/2 (14/2), Arnór Þór Gunnarsson 5/2 (11/3), Sigfús Páll Sigfússon 2 (4), Anton Rúnarsson 2 (5/1), Sigfús Sigurðsson 2 (5), Ingvar Arnason 1 (2), Hjalti Pálmarson 1 (9), Orri Freyr Gíslason (3),
Varin skot: Ólafur Hauk Gíslason 18 (42/4 42,3%), Ingvar Guðmundsson (1/1 0%)
Hraðauppflaup: 3 (Elvar, Arnór, Sigfús S.)
Fiskuð viti: 6 (Ingvar 3, Orri, Sigfús P., Elvar)
Utan vallar: 8 mínútur



Valbjarnarvöllur, áhorf.: 863 Kristinn Jakobsson (5)

1-0 Sigmundur Kristjánsson (19.)
 2-0 Dennis Danry, viti (24.)
 3-0 Sjálfsmark (65.)
 3-1 Jón Vilhelm Ákason (79.)
 4-1 Hjörtur Júlíus Hjartarson (88.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	15-15 (11-6)
Varin skot	Bjarki 4 – Trausti 7
Horn	2-11
Aukaspjrymur fengnar	15-18
Rangstöður	4-2

PRÓTTUR 4-3-3	ÍA 4-4-2
Bjarki Guðmundsson 7	Trausti Sigurbjörnsson 6
Eysteinn Lárússon 5	Árni Thor Guðmundsson 5
Michael Jackson 6	Heimir Einarsson 6
Þórður Hreiðarsson 5	Helgi Pétur Magnússon 6
Kristján Ómar Björn 5	Kári Steinn Reynisson 4
Rafn Andri Haraldsson 6	(46. Guðjón Heiðar 5)
Hallur Hallsson 6	Þórður Guðjónsson 5
Dennis Danry 5	(85. Aron Pétursson -)
(85. Kristinn Steinar -)	Bjarki Gunnlaugsson 4
Andrés Vilhjálmsson 7	Pálmi Haraldsson 3
(67. Magnús Már 4)	(32. Guðm. Böðvar 4)
Jesper Sneholm 5	Jón Vilhelm Ákason 7
(70. Hjörtur Hjartarson 6)	Björn Bergmann 5
*Sigmundur Kristján 7	Stefán Þór Þórðarson 4

*Maður leiksins

STAÐAN Í DEILDINN

LANDSBANKAÐEILD KARLA

Keflavík	19	13	4	2	48-25	43
FH	18	12	2	4	41-19	38
KR	19	10	2	7	32-21	32
Valur	19	10	2	7	31-25	32
Fram	19	10	1	8	23-18	31
Breiðablik	18	8	6	4	37-25	30
Grindavík	19	7	3	9	25-35	24
Fjölnir	19	7	1	11	30-32	22
Próttur	19	5	7	7	26-38	22
Fylkir	19	5	4	10	21-33	19
HK	19	4	3	12	23-41	15
ÍA	19	2	5	12	17-42	11

NÆSTU LEIKIR

Keflavík-Breiðablik	mið. 17. sept. kl. 17.15
Fram-FH	mið. 17. sept. kl. 21.10
ÍA-KR	fim. 18. sept. kl. 17.15
Fylkir-Fjölnir	fim. 18. sept. kl. 17.15
Valur-Próttur	fim. 18. sept. kl. 17.15
HK-Grindavík	fim. 18. sept. kl. 17.15

Skemmtilegur handboltavetur fram undan ef eitthvað er að marka Meistarakeppni HSÍ í Laugardalshöllinni:

Haukar urðu meistarar meistaranna í gær

HANDBOLTI Íslandsmeistarar Hauka tryggðu sér nafnbótina meistarar meistaranna þegar þeir lögðu bikarmeistarara Vals í Meistarakeppni HSÍ, 25-21, í hörkuleik.

Mun meiri spennan var í leiknum en lokatölurnar gefa til kynna. Valsmenn náðu einu sinni tveggja marka forystu í fyrri hálfleik en annars munaði aldrei meira en einu marki á liðunum þar til Elias Már Halldórsson kom Haukum í 21-19, þegar 8 mínútur voru eftir.

Gísli Guðmundsson fór á kostum í marki Hauka og þá sérstaklega á lokakaflanum þegar hann varði hvert dauðafærið á fætur öðru og gerði í raun út um leikinn. Það virðist oft vera sem það



MEISTARI Í FYRSTA LEIK Einar Örn Jónsson kominn heim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

komist upp í vana hjá sigursælum liðum að sigra og sýndu Haukar sömu seiglu á lokaspættinum í gær og liðið gerði svo oft á síðustu leiktö.

„Árið í fyrra var mjög gott hjá okkur og við náðum upp vissri sig-
 urhugsun þegar liða fór á tímabil-
 ið. Vonandi að það sé að síga inn í
 mannskapinn að við séum í þessu
 til að vinna og menn breyti rétt á
 ögurstundu. Við gerðum góða hluti
 þegar leikurinn var mjög spennandi
 og Gísli varði mjög vel í
 markinu. Varnarleikurinn var líka
 mjög sterkur,“ sagði Aron Kristján-
 sson, þjálfari Hauka, í leiklok.

Það vantaði marga lykilmenn í
 lið Vals og segir það margt að línu-
 tröllíð Sigfús Sigurðsson byrjaði
 leikinn í hægri skyttunni. „Eitt-
 hvað verður að gera þegar öll útlí-
 nán hjá okkur er meidd, en þetta
 var auðvitað bara taktík hjá

þjálfaranum,“ sagði Sigfús sem
 leysti inn á línu við fyrsta tæk-
 færi í hverri sókn.

„Við töpuðum þessu ekki af því
 að þeir voru svo góðir heldur af
 því að við klúðruðum of mörgum
 dauðafærum. Þar var munurinn í
 dag. Mér líst mjög vel á þetta.
 Þetta eru ungir, mjög góðir strákar
 og ég held að Haukarnir megi
 ekki við því að missa sex leik-
 menn. Við höfum átt í meiðslum
 og það vantar stóran hluta af lið-
 inu okkar. Þetta var merkilega
 gott miðað við að við höfum bara
 æft í viku saman allir sem spiluðu
 hér. Liðið fór til Spánar í rúma
 viku og ég fékk frí þá og kann ekki
 helminginn af kerfunum.“ - gmi

Kristinn bókaði ferðina fyrir okkur

Þórður Guðjónsson, fyrirlíði Skagamanna, var ekki sáttur við Kristín Jakobsson sem klikkaði á þremur stórum ákvörðunum í 4-1 sigri Próttar á ÍA og þær féllu allar seinheppnum Skagamönnum í óhag.

FÓTBOLTI Dagar Skagamanna í Landsbankadeildinni eru nánast taldir eftir 4-1 tap fyrir Prótti á Valbjarnarvöllum í gær. Þetta var enn einn úrslitaleikurinn þar sem Skagamenn gátu nælt sér í dýrmæt stig gegn hinum liðunum í fallbaráttunni en líkt og áður tókst það ekki.

Seinheppni Skagamanna í sumar kom síðan hvergi betur fram en í gær þegar hlutirnir snerust þeim í óhag á vendipunktum leiksins. Það verður þó ekki tekið af Prótturum að þeir komu grimmir til leiks og voru greinilega staðráðnir að tryggja sæti sitt í deildinni.

Kristinn Jakobsson gerði stór mistök í gær sem urðu Skagamönnum dýrkeypt. Fyrst gaf hann Prótturum vítaspjrynu sem Dennis Danry kom Þrótti í 2-0 úr og svo sleppti hann tveimur augljósum vítaspjrynum í seinni hálfleik.

Kristinn kom þó hvergi nálægt þegar Björn Bergmann Sigurðarson og Þórður Guðjónsson klúðruðu algjörum dauðafærum, Bjarki Gunnlaugsson skallaði í slá af stuttu færi eða þegar Heimir Einarsson skoraði stórbrotið sjálfsmark frá miðjum eigin vallarhelmingi. Þar gátu Skagamenn sjálfum sér um kennt en það er samt ekki hægt annað en vorkenna þeim því það gengur allt á afturfótunum hjá liðinu.

Sagan okkar í sumar

„Þetta er sagan okkar í sumar og maður veit eiginlega ekki hvað á að segja,“ sagði Þórður Guðjónsson, fyrirlíði ÍA, spurður um seinheppni Skagalíðsins.

„Ótrúlegar ákvarðanir falla gegn okkur í þessum leikjum og það er eins og þetta sé dauðadæmt hjá okkur,“ sagði Þórður. Hann var allt annað en sáttur við frammi-
 stöðu Kristins Jakobssonar



GRIMMIR PRÓTTARAR Andrés Vilhjálmsson skapaði alls konar vand-
 ræði fyrir Skagamenn og hér er Kári Steinn Reynisson búinn að missa hann fram hjá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

dómara. „Ég vissi ekki til að Kiddi væri kominn með ferðaskrifstofu og væri farinn að panta farseðla fyrir heilu liðin niður um deildir en það virðist vera.“

Dungur völlurinn fór greinilega illa í gömlu mennina í Skagalíðinu en það verður þó ekki tekið af þeim að þeir að reyndu. „Þetta var baráttuleikur og vallaðstæður mjög erfiðar til að spila fótbolta. Við vissum að þetta yrði baráttu frá A til Ó,“ sagði Þórður.

„Við vorum að reyna en það gekk ekkert voðalega vel að spila á vellinum eins og hann var. Svo kemur vítið eins og skrattinn úr sauðalegnum. Við leggjum allt kapp á að jafna í seinni hálfleik og fáum færi til þess auk þess að eiga að fá lágmark tvö viti. Við fengum þau ekki og svo kemur sjálfsmark ársins því miður fyrir Heimi greyði

sem stóð sig annars vel í dag.“

En eru Skagamenn fallnir? „Það borgar sig aldrei að segja aldrei og það eru nýu stig eftir í pottinum. Við getum náð 20 stigum og Fylkir er með 19 stig. Þetta verður mjög erfitt ef það á að takast. Við erum ekki fallnir en Kristinn bókaði allavega ferðina í dag fyrir okkur,“ sagði Þórður.

Frábær ferð á Selfoss

Sigmundur Kristjánsson var frábær framan af leik þegar Próttarar tóku frumkvæðið í leiknum og hann var líka sáttur í leiklok.

„Mér fannst við eiga þennan leik frá fyrstu mínútu og mér fannst þeir brotna um leið og við skoruðum. Það var eitthvað smá líf í þeim í fyrri hálfleik en svo fannst mér við bara vera með þetta,“ sagði Sigmundur, fyrirlíði Próttar. „Við

vorum með þennan leik í vasanum og ég vil minnst á það að við fórum á Selfoss um helgina. Þjálfarateymið á allan heiðurinn af því að ná að rífa mannskapinn upp. Það að fara út úr bænum var einmitt það sem við þurftum eftir ömurlegt gengi að undanförunum,“ sagði Sigmundur en Próttur var ekki búinn að skora í þremur leikjum í röð fyrir leikinn í gær.

„Við erum búnir að vera úti að skita í síðustu leikjum og það þurfti að gera eitthvað. Þeir fundu greinilega lausnina með því að fara með okkur í fallega ferð á Selfoss,“ sagði Sigmundur kíminn og bætti síðan við:

„Þetta var allt annað í dag en undanfarið og ég vona bara að við klárum mótið svona. Við getum þetta greinilega þannig að það er bara að sýna það.“ ooj@frettabladid.is

Monza-kappaksturinn fór fram í grenjandi rigningu á Ítalíu um helgina:

Vettel sá yngsti sem vinnur

FORMÚLA 1 Þýski ökuþórin Sebastian Vettel varð í gær sá yngsti frá upphafi til að vinna kappakstur í formúlu eitt þegar hann vann Monza-kappaksturinn á Ítalíu.

Vettel, sem keppir fyrir Toro Rosso, er aðeins 21 árs og 73 daga gamall en hann er fæddur 3. júlí 1987. Gamla metið átti Spánverjinn Fernando Alonso sem var 22 ára og 26 daga gamall þegar hann vann ungerska kappaksturinn árið 2003.

Vettel kom í mark 12,5 sekúndum á undan Heikki Kovalainen hjá McLaren; Robert Kubica hjá BMW-Sauber var þriðji, fjórði var Fernando Alonso hjá Renault og Nick Heidfeld hjá BMW-Sauber kom síðan fimmti í mark. Í sjötta og sjöunda sætinu



KÁTUR Sebastian Vettel fagnaði vel í lokin þegar sögulegur sigur hans var í höfn. NORDICPHOTOS/AFP

komu síðan efstu menn í keppni ökuþórinna. Felipe Massa hjá Ferrari varð sjötti og er nú aðeins einu stigi á eftir Lewis Hamilton hjá McLaren í heildarkeppninni. Hamilton vann sig upp í sjöunda sætið eftir að hafa byrjað fimmt-
 ánda á ráslínu.

Þetta var fyrsti sigur Toro Rosso-liðsins og menn þar réðu sér ekki fyrir kæti í lokin og þar fór hinn ungi Þjóðverji fremstur í flokki.

„Þetta er án nokkurs vafa besti dagur lífs míns. Ég mun aldrei gleyma þessum degi eða þessari tilfinningu,“ sagði Vettel. „Hver hefði trúað þessu í upphafi tíma-
 bilsins. Við erum stoltir af sjálf-
 um okkur og ætlum að fagna þessum sigri vel. Hvílk helgi,“ sagði Vettel kátur. - 66j

Boltinn er hjá okkur!

Man. Utd. - Bolton

26.-28. september

Tilboð!

Flug og miði á leik 45.900 kr.

Arsenal - Hull

26.-28. september

Verð á mann í tvíbýli 69.900 kr.

Meistaradeildin

Arsenal - Porto

30. september-1. október

Verð á mann í tvíbýli 62.900 kr.

Kynntu þér tæmandi lista yfir ferðir á leiki á www.expressferdir.is



Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



MARKAHÆSTAR

LANDSBANKAÐEILD KVENNA

Margrét Lára Viðarsdóttir, Val	32
- fær gullskóinn	
Rakel Hönnudóttir, Þór/KA	20
- fær silfurskóinn	
Hrefna Huld Jóhannesdóttir, KR	19
- fær bronsskóinn	
Hólmfríður Magnúsdóttir, KR	18
Dóra María Lárusdóttir, Val	15
Mateja Zver, Þór/KA	10
Björk Gunnarsdóttir, Stjörnunni	10
Harpa Þorsteinsdóttir, Breiðabliki	10
Berglind Björg Þorvaldsdóttir, Breiðabl.	10



Besta tímabil Þórs/KA í efstu deild kvenna frá upphafi endaði með skemmtilegum hætti á laugardaginn:

Rakel skoraði fernu og fær silfurskóinn

FÓTBOLTI Rakel Hönnudóttir, fyrirliði Þórs/KA, og félagar hennar í Akureyrarliðinu kórónuðu besta tímabil kvennafótboltans fyrir norðan með því að vinna 6-3 sigur á Keflavík í lokaumferðinni.

Þór/KA endaði í 4. sæti deildarinnar og skoraði alls 45 mörk í sumar en hvort tveggja er félagsmet. Það er ekki nóg með að norðanliðið hafi í fyrsta sinn verið með markatölu í plús heldur var liðið með þriðju bestu markatöluna í Landsbankadeild kvenna í sumar.

Rakel á mikinn þátt í velgengni liðsins enda hefur hún spilað frábærlega í sumar. Rakel náði því síðan að skora fernu í lokaleiknum

og tryggja sér með því silfurskóinn sem annar markahæsti leikmaður deildarinnar en hún varð jafnframt fyrsta norðanstúlkan til þess að skora 20 mörk á einu tímabili.

Rakel bætti sinn besta árangur um tólf mörk en hún hafi mest skorað 8 mörk sumarið 2006. og alls 14 mörk í efstu deild fyrir þetta tímabil.



„Ég er mjög sátt. Ég vissi að ég þyrfti að skora mörg mörk til þess að ná þessu því að Hrefna skoraði fjögur mörk í síðasta leik. Hrefna var þrem-

FRÁBÆR Í SUMAR
Rakel Hönnudóttir er ein af bestu leikmönnum deildarinnar í ár.

FRÉTTABLAÐ-
ID/AUÐUNN

ur mörkum á undan mér og Hólmfríður var tveimur mörkum á undan mér," sagði Rakel kát í gær en var markmiðið að ná í skóinn.

„Ég ætlaði mér fyrst að vinna leikinn en eftir að ég var búin að skora tvö mörk á fyrstu þrettán mínútunum þá hugsaði ég um að ná allavegana að skora eitt í viðbót," segir Rakel sem skoraði tvö mörk í seinni hálfleik og það síðara á lokamínúttunni.

Nú er silfurskórinn í höfn en kemur gullskórinn einhvern tímamann seinna. „Hver veit," svarar Rakel en hún var í gær að undirbúa sig að fara suður og hefja æfingar með landsliðinu.

- 66j

skattur.is

Til forráðamanna hlutafélaga, einkahlutafélaga og annarra skattskyldra lögaðila

Framtalsfrestur félaga er liðinn



Minnt er á að í fyrri hluta október fer fram álagning opinberra gjalda lögaðila vegna rekstrarársins 2007.

Framtalsfrestur er nú liðinn og eru því þau félög sem enn eiga eftir að skila skattframtali 2008 ásamt ársreikningi hvött til að skila hið allra fyrsta.

Bent skal á að skattframtali skal alltaf skila, jafnvel þó að engin eiginleg atvinnustarfsemi eða rekstur hafi verið til staðar hjá félaginu.

Minnt er á að félög skulu jafnframt skila ársreikningi til Ársreikningaskrár.

Hægt er að skila skattframtali og ársreikningi rafrænt á www.skattur.is.

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI

> Jack Black

„Ef Beethoven og Bach stofnuðu hljómsveit með Mozart, þá er möguleiki á að þeir yrðu jafn góðir og hljómsveitin Tenacious D. En aðrir eiga ekki séns.“ Black leikur í myndinni Tenacious D: in The Pick of Destiny sem fjallar um hljómsveitina Tenacious D. Myndin er sýnd á Stöð 2 bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** BÍÐUR EFTIR COLD CASE

Kerringur í gulu og grænu

Fyrir tuttugu árum síðan fannst illa útleikið lík í Elliðaánunum. Um var að ræða karlmann á fimmtugsaldri. Þrátt fyrir ítarlega rannsókn tókst lögreglu ekki að upplýsa hvernig dauða hans bar að, þrátt fyrir að margt benti til að ekki væri allt með felldu. Klæðnaður mannsins þótti sérstakur og lögreglan taldi lengi vel að lykkillinn að lausn málsins fælist í að rekja hvaðan spjarirnar væru upprunnar.

Neongrænar sokkabuxur voru að öllum líkindum keyptar í verslun á Skólavörðustíg. Enginn starfsmaður mundi eftir að hafa afgreitt karlmann sem sýndi áhuga á sokkabuxum eða korseletti í daufbleikum lit sem maðurinn íklæddist og var keypt í sömu verslun.

Appelsínugult tjullpils þótti líklegt til að hafa verið saumað í heimahúsi en efnið hafði verið keypt erlendis. Ljóst er að sá sem saumaði var fagmaður.

Líkið var með gúmmískó á hægri fæti en 50 sentimetra, fjólubláan pinnahæl á vinstri.



Nálægt líkinu fannst pípuhattur sem var rakinn til einnar elstu og virtustu herrafataverslunar Lundúnaborgar og handtaska sem var merkt framleiðanda sjónvarpsþáttanna Áfram Heiðargerði, sem byggðir voru á samnefndri bók eftir sænska rithöfundinn Max Lundgren. Eyvindur Eiríksson þýddi bókina á íslensku árið 1974. Hann var handtekinn og haldið í einangrun í tvo mánuði til öryggis en bókin reyndist ekki hafa neina þýðingu í rannsókn málsins. Svo líða öll þessi ár og blaðamaður fær tölvupóst sendan frá ónafngreindum einstaklingi með adressuna EE@simnet.is. Hann hefur upplýsingar um málið sem lögreglan taldi ekki hafa neina þýðingu í rannsókninni á sínum tíma. Líkið var íklætt KR-treyju og aftan á henni stóð Sigurður.

Eftir fyrirgretnslan sagði yfirlögregluþjónn blaðamanni að í ljósi þess sem komið hafði fram við rannsóknina þá hefði verið ákveðið að greina ekki nánustu ættingjum frá KR-treyjunni. Missirinn hafi verið nógu sár fyrir.

EKKI MISSA AF



▶ **18.50 Tottenham - Aston Villa** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.10 Friday Night Lights** SKJÁREINN



▶ **20.20 So You Think You Can Dance** STÖÐ 2



▶ **21.30 Happy Hour** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.45 Leyniefndin í Listasafninu** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 **Leiðarljós** (Guiding Light)
- 17.20 **Táknmálsfréttir**
- 17.30 **Hanna Montana** (2:26) (e)
- 18.00 **Kóalabráðurir** (58:78)
- 18.12 **Herramenn** (20:52)
- 18.25 **Út og suður** (e)
- 19.00 **Fréttir**
- 19.30 **Veður**
- 19.35 **Kastljós**
- 20.10 **Saga Indlands** (The Story of India) (1:6) Breskur heimildamyndaflokkur um Indland fyrr og nú.
- 21.10 **Anna Pihl** (Anna Pihl) (8:10) Dönsk þáttaröð um erlamsamt starf lögreglu-konunnar Önnu Pihl á Bellahøj-stöðinni í Kaupmannahöfn. Aðalhlutverk: Charlote Munck, Iben Hjejle, Paw Henriksen, Kurt Ravn og Peter Mygind.
- 22.00 **Tíufréttir**
- 22.20 **Sportíð** | Þættinum verður farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar, innlenda sem erlenda.
- ▶ **22.45 Leyniefndin í Listasafninu** (AK3: Akademiens Kommitté för Kontroll av Kultur) (1:4) Sænsk þáttaröð byggð á skáld-sögu eftir Ernst Billgren sem einnig leikstýrir þáttunum. Í listheiminum er leynileg nefnd sem ákveður hvaða listamenn verða frægir og hverjir ekki. En ekki eru allir sáttir við val nefndarinnar. Aðalhlutverk: Sven Ahlström, Anna Pettersson, Ellen Mattson og Bergljót Árnadóttir.
- 23.30 **Kastljós** (e)
- 00.00 **Dagskrárlok**

BÍÓ

- 08.00 **The Ant Bully**
- 10.00 **To Walk with Lions**
- 12.00 **Tenacious D: in The Pick of Destiny**
- 14.00 **Blue Sky**
- 16.00 **The Ant Bully**
- 18.00 **To Walk with Lions**
- 20.00 **Tenacious D. in The Pick of Destiny**
- 22.00 **Hollywoodland**
- 00.05 **Crimson Rivers 2: Angels of the Apocalypse**
- 02.00 **From Dusk Till Dawn 2.**
- 04.00 **Hollywoodland**
- 06.05 **The Holiday**

STÖÐ 2

- 07.00 **Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Kallí kanína og félagar og Ben 10.
- 08.15 **Oprah**
- 08.55 **Í finu formi**
- 09.10 **Bold and the Beautiful**
- 09.30 **La Fea Más Bella** (148:300)
- 10.15 **Missing** (12:19)
- 11.10 **60 minutes**
- 12.00 **Hádegisfréttir**
- 12.35 **Neighbours**
- 13.00 **Moonlight And Valentino**
- 14.40 **Derren Brown: Hugabrellur**
- 15.05 **Friends** (8:24)
- 15.30 **Friends** (9:23)
- 15.55 **Háheimar**
- 16.20 **Leðurblökumaðurinn**
- 16.40 **Tracey McBean**
- 16.53 **Louie**
- 17.03 **Skjaldböckurnar**
- 17.28 **Bold and the Beautiful**
- 17.53 **Neighbours**
- 18.18 **Markaðurinn og veður**
- 18.30 **Fréttir**
- 18.47 **Íþróttir**
- 18.54 **Ísland í dag**
- 19.17 **Veður**
- 19.30 **The Simpsons 9**
- 19.55 **Friends** (14:24)
- ▶ **20.20 So you Think you Can Dance** (20:23) Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
- 21.05 **So you Think you Can Dance**
- 21.55 **Missing** (19:19) Jess Mastrini er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður alríkislögreglu og leit af týndu fólki. Nicole Scott er félagi hennar og er hörkulögga sem veigr sér ekki við að beygja reglurnar til þess að leysa glæpi.
- 22.40 **Peep Show** (1:12)
- 23.05 **Nobody's Baby**
- 00.55 **Silent Witness** (10:10)
- 01.50 **Moonlight And Valentino**
- 03.30 **Peep Show** (1:12)
- 03.55 **Missing** (19:19)
- 04.40 **Friends** (14:24)
- 05.05 **The Simpsons 9**
- 05.30 **Fréttir og Ísland í dag**

SPORT

besta sætið

- 15.05 **NFL deildin** Útsending frá leik New York Jets og New England Patriots í NFL. Þetta er fyrsti heimaleikur Brett Favre með Jets sem gekk í raðið liðsins fyrir leiktíðina.
- 17.05 **Landsbankadeildin 2008** FH - Valur.
- 18.55 **Landsbankamörkin 2008**
- 19.55 **History of the Ryder Cup**
- 21.15 **10 Bestu - Eiður Smári Guð-johnsen** Sjöundi þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslands-sögunnar.
- 22.00 **Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.
- 22.45 **Þýski handboltinn - Hápunktar** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
- 23.25 **F1. Víð endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál liðandi keppni og þau krufin til mergjar.
- 00.05 **World Series of Poker 2008** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 **Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Stoke og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
- 13.25 **Enska 1. deildin** Útsending frá leik QPR og Southampton í ensku úrvalsdeildinni.
- 15.05 **Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Hull City í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.45 **English Premier League**
- 17.45 **Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
- ▶ **18.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Tottenham og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 **English Premier League**
- 22.00 **Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markabætti.
- 22.30 **Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Tottenham og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 07.15 **Rachael Ray** (e)
- 08.00 **Dr. Phil** (e)
- 08.45 **Vörutorg**
- 09.45 **Óstöðvandi tónlist**
- 16.15 **Vörutorg**
- 17.15 **Game tívi** (e)
- 17.45 **Dr. Phil** Sjónvarpsálfraeðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vanda-mál og gefur góð ráð.
- 18.30 **Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 19.20 **Kitchen Nightmares** Kjafftóri kokkurinn Gordon Ramsey heimsækir veit-ingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu. (e)
- ▶ **20.10 Friday Night Lights - NÝTT** Fyrsti þátturinn í nýrri þáttaröð og ekkert er eins og það var. Sumarið er á enda og nýtt skólaár að hefjast með nýjum ástum, nýjum vandræðum og atburði sem á eftir að breyta lífi þeirra að eilífu. Taylor þjálfari er hrofinn á braut en fjölskylda hans er ennþá í bænum. Julie er hrifin af nýjum strák sem hún vinnur með og Matt er afbrýðissamur.
- 21.00 **Eureka** (6:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndar-mál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Eitrefni sleppa út í andrúmsloftið og íbúar Eureka fara að dreyma undarlega drauma.
- 21.50 **C.S.I. New York** (4:21) Banda-rísk sakamálaferia um Mac Taylor og fé-laga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Þegar dauðvona maður játar á sig morð sólarhring áður en það gerist kanna Mac og félagar hvort tímaflakk sé mögulegt.
- 22.40 **Jay Lenó** Jay Lenó fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
- 23.30 **Swingtown** (e)
- 00.20 **Criss Angel Mindfreak** (e)
- 00.45 **Nokia Trends** (e)
- 01.10 **Vörutorg**
- 02.10 **Óstöðvandi tónlist**

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 **Fréttir og Að Norðan** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl. 12.15 daginn eftir

20.30 **Gönguleiðir** Þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi. Endurtekið kl. 21.30 og 22.30

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í BÍTIÐ
kl. 6:50 alla virka daga

BYLGJAN
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
989

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.40

Peep Show

Sprenglægilegir gamanþættir um Mark og Jez sem eru tveir sér- vritringar á þrítugsaldri og deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Saga Indlands (The Story of India)

Sjónvarpið kl. 20.10

Breskur heimildarmyndaflokkur þar sem sagnfræðingurinn Michael Wood fer í reisu um Indland og leitar uppi sögulegar minjar þess. Wood notfærir sér flest þau verkfæri sem söguspæjari hefur yfir að ráða: DNA og loftslagsrannsóknir, munnlega geymd, forn handrit, fornleifafæði og rannsóknir á menningarsamfélögum landsins.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.03 Útvarpssagan: Dyr standa opnar
06.40 Veðurfregnir	15.30 Heimsauga
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.10 Veðurfregnir
08.00 Morgunfréttir	16.13 Hlaupanótan
08.30 Fréttayfirlit	17.03 Víðsjá
09.05 Okkar á milli	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.25 Spegillinn
10.03 Veðurfregnir	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Stefnumót	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Kvika
12.00 Fréttayfirlit	21.10 Framtíð lýðræðis
12.02 Hádegisútvarp	22.07 Veðurfregnir
12.20 Hádegisfréttir	22.12 Orð kvöldsins
12.45 Veðurfregnir	22.15 Handa almúganum á Islandi
13.00 Vít og breitt	23.05 Frá Tónskáldapínginu í Dyflinni
14.03 Bak við stjörnumar	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (15:260) Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks (16:260)

17.00 Seinfeld

17.25 E.R.

18.30 Happy Hour (6:13)

19.00 Hollyoaks (15:260)

19.30 Hollyoaks (16:260)

20.00 Seinfeld

20.25 E.R. Þættirnir sem gerast á bráðamóttöku í Chicago þar sem enillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamir fá engan tíma til að taka ákvarðanir uppá líf og dauða.

▶ **21.30 Happy Hour** (6:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfsselskum og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lífa lífinu.

22.00 Women's Murder Club (13:13) Fjórar perluvinkonur sem allar vinna við morðrannsóknir. Ein er rannsóknarlögregla, önnur saksóknari, þriðja dánardómstjóri og sú fjórða er rannsóknarblaðakona.

22.45 Numbers

23.30 The Tudors (7:10)

00.25 The Wire (13:13)

01.45 Sjáðu

02.10 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Hrafnáping Ingvi Hrafn Jónsson ræðir þjóðmálin.

21.00 Vangaveltur Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir veltir fyrir sér lífsspeki.

21.30 Sálartetur Kolbrún Baldursdóttir skyggist inni sálarjúpin.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** SPAM 2008 **10.55** Skum TV **11.10** Angora by night **11.35** Family Guy **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.55** Den store dag **13.55** Min kones ferie **15.30** Bamses Billedbog **16.00** Drømmen om dybet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Filmtricks - hundrede år med Nordisk Film **17.30** De store katte **18.00** DR1 Dokumentaren - Børn bag tremmer **19.00** 21 **19.40** SportNyt med SAS liga **20.00** Kronprinsparrets kulturpris. Prinsuddelingen **20.30** Kronprinsessen **21.25** Columbo

NRK1

10.00 NRK nyheter **10.10** Med hjertet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Niklas' mat **12.30** Allo, Allo! **13.00** NRK nyheter **13.01** Amigo **13.30** Keiserens nye skole **14.01** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Edgar og Ellen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk bame-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Smá Einsteins **16.25** Gjengen på taket **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** Faktor. Søstre mot strømmen **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Elskerinner **20.20** Paralympics i Beijing **20.50** Billedbrev fra Latin-Amerika **21.00** Kveldsnytt **21.15** Dalziel og Pascoe **22.45** Nytt på nytt **23.15** Kulturnytt **23.25** Sport Jukeboks

1* SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Sportspegeln **11.50** Lata Lena och blåögde Per **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Vinnarskallar **15.00** Hannas hjälpinje **15.10** Rom Racerbil **15.20** Jasper Pingvin **15.30** Krokodill **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheter **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Hockeykväll **20.00** Murderball **21.25** Paralympics 2008 **21.55** Kulturnyheter **22.10** Brottskod. Försvunnen **22.55** Sändningar från SVT24



Í ÞOLRAUN SANNAST ÞREKIÐ BEST

>> Opinn fundur Greiningar Glitnis um efnahagsmál

Greining Glitnis efnir til opins fundar miðvikudaginn 17. september næstkomandi kl. 8.15 til 9.30 á Hilton Reykjavík Nordica Hotel.

DAGSKRÁ

- 8.15 Húsið opnað – léttur morgunverður
- 8.25 **UPPHAFSORÐ**
Lárus Welding, forstjóri Glitnis
- 8.30 **NÝ ÞJÓÐHAGSSPÁ**
Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur í Greiningu Glitnis
- 8.50 **BANKAKRÍSAN**
Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis
- 9.10 **KRÓNAN OG HÚSNÆÐISVERÐ**
Ragnhildur Jónsdóttir, hagfræðingur í Greiningu Glitnis
- 9.25 **LOKAORÐ FUNDARSTJÓRA**
Jóhannes Baldursson, framkvæmdastjóri Markaðsviðskipta Glitnis
- 9.30 **FUNDARLOK**

Vinsamlega staðfestið þátttöku á www.glitnir.is.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

GLITNIR

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Við erum með tónlistarmyndbönd sem að rulla allan daginn, Robbie Williams, Madonna og allt mögulegt eiginlega.“

Pórdís Helgadóttir, hárgreiðslukona á Hárný.

Lánaði kvikmyndahandrit í tískubók

Íslenska tískumerkið Andersen & Lauth hefur gert víðeist frá því að hjónin Gunnar Hilmarsson og Kolbrún Petrea Gunnarsdóttir endurvöktu það gamla nafn fyrir um þremur árum. Föt frá fyrirtækinu fást í um tuttugu löndum í Evrópu og Asíu og hafa víða vakið eftirtekt.

Í svokallaðri „lookbook“ fyrir haustlínuna svífur rómantískur andi yfir vötnum, enda ber bókinn yfirskriftina „A Love Story“. Auk mynda af fatnaðinum og fállegra myndskreytinga er þar einnig að

finna brot úr ástarsögu í formi kvikmyndahandrits. Þar er um að ræða kvikmyndahandrit Þorgríms Þráinssonar, sem hann lauk við nú í sumar en hefur ekki komið fyrir sjónir landsmanna enn.

„Þau leituðu til mín um að fá ástarsögu og ég lánaði þeim bara hluta úr kvikmyndahandritinu mínu, í stað þess að skrifa sérstaklega fyrir bókina,“ útskýrir Þorgrímur. „Ég átti þessa ástarsögu til,

FORSKOT Á SÆLUNA

Útdrátt úr kvikmynda-handriti Þorgríms Þráinssonar má sjá í „lookbook“ Andersen&Lauth.

svo það hentaði bara vel. Þau létu svo þýða handritið til að hafa það á ensku.“

Þorgrímur segir uppátækið bara hafa verið skemmtilegt. „Þetta er bara smá forskot á sæluna,“ segir hann kíminn. Bókin hefur farið víða og handritið meira að segja vakið athygli. „Mér skilst að þau hafi fengið að minnsta kosti eina fyrirspurn frá Frakklandi um hver væri að skrifa söguna,“ segir hann og hlær við. „Það er

nú samt nánast ótrúlegt, því sagan er í rauninni bara bakgrunnstexti til að skreyta síðurnar, maður þarf að hafa sig allan við til að ná ein-

hverju samhengi,“ útskýrir Þorgrímur.

Bókina, haustlínuna Andersen&Lauth og nýja línu þeirra fyrir vor og komandi sumar má allt sjá á síðunni www.andersenlauth.com, en bókinni má einnig fletta í versluninni að Laugavegi 94.

- sun



ÁSTARSAGA Rómantíkin svífur yfir vötnum í línu Andersen&Lauth fyrir haustið.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT: 2. eyja í Asíu, 6. samtök, 8. stroff, 9. fát, 11. tveir eins, 12. grasstoppur, 14. yfirstéttar, 16. vörumerki, 17. þörungur, 18. skaut, 20. grískur bókstafur, 21. kvísl.

LÖÐRÉTT: 1. slitrótt tal, 3. frá, 4. hrörnun, 5. sigað, 7. gíll, 10. samhlíða, 13. eldsneyti, 15. slithólkur, 16. fyrirboði, 19. í röð.

LÁRÉTT: 2. jáva, 6. aa, 8. fit, 9. fun, 11. tt, 12. skæg, 14. aðals, 16. ss, 17. sllf, 16. sp, 19. lm.

LÖÐRÉTT: 1. tafs, 3. af, 4. vltglop, 5. söl, 18. pól, 20. pi, 21. álma.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- Roskilde Bank.
- Safngestur hjó höfuðið af vaxmyndinni.
- Leikurinn fór 8-0 fyrir Val.

Er HREINT hjá þér?

Fagleg ræsting fyrirtækja og stofnana er bæði betri og ódýrari

Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is



ÍSLAGNIR

Löggildir rafverktakar

Rafmagnsvandamál
Talaðu þá við okkur

Uppl. síma
8604507 / 8494007
islagnir@islagnir.is
www.islagnir.is

PÉTUR ÖRN: HRÓI VERÐUR REKINN EF HANN VINNUR

Rótari milli steins og sleggju

„Já, mér finnst þetta ódregileg framkoma. Ég hef verið með þeim nú í ár og var með þeim þegar þeir byrjuðu á sínum tíma. Á Skjá einum. Hef verið viðloðandi þetta band lengi og svo fæ ég þetta í andlitið,“ segir Hrói rót eða Hróbjartur Róbertsson.

Hrói er lentur í sérkennilegri stöðu. Á miðvikudag verður í Popplandi háð úrslitaviðureign í Poppunkti, spurningakeppni Popplands á Rás 2. Þar keppa lið Rótara, sem skipað er þeim Hróa og Ingólfi Magnússyni, og lið Jesúfeðga, sem í eru Guðmundur Benediktsson og Pétur Örn, sonur hans. Þannig háttar til að Hrói er rótari hljómsveitarinnar Buff en þar er einmitt Pétur Örn. Það er til marks um hversu hörð keppnin er að Pétur hefur hótað Hróa brottrekstri sigri Rótara. „Þetta kallar maður vini sína. Þetta er ókristilegt,“ segir Hrói og er nú milli steins og sleggju.

„Hann verður að gera sér grein fyrir sinni stöðu í dýraríki Buffsins – goggunaröðinni. Amaban segir ekki hákarlinum fyrir verkum,“ segir Pétur Örn sem leggur allt í sölnar. Segist ætla að mæta til leiks og koma fljúgandi úr Kópavoginum með þyrllu og lenda á þaki útvarpshússins. Hrói geti mætt til leiks á bíl. „Ég er glaður að vera kominn með silfríð. Og ætla að hafa þetta Grand þegar ég mæti til leiks. Það þýðir ekki að mæta á gömlu bíldrúslunni og enginn sér mig koma,“ segir Pétur.

Hvort lið um sig hefur unnið þrjár viðureignir og að sögn Hróa var erfiðasta viðureign Rótara við Poppskrifbenta sem stóð tæpt. Minnisstæðasta atvik Péturs Arnar úr keppninni er hins vegar þegar þeir feðgar, sem báðir eru söngmenn góðir, töpuðu í liðnum „sungjó fyrir hlustendur“ gegn



RÓTARINN SVARAR FYRIR SIG Hrói rót er kominn í sérkennilega stöðu því ef lið Rótara vinnur Jesúfeðga í Poppunkti missir Hrói stöðu sína hjá Buffinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

liði Óttara: Óttari Proppé og Óttari Felix Haukssyni. „En ég er sátturnur við það. Enda ógleymanlegt að heyra Óttar Proppé syngja Nínu með röddu prófessorsins. Ekki

hægt að keppa við það og þeir Óttarar mega mín vegna gefa út þrjár jólaþlötur á ári. Og ekkert endilega í desember.“

jakob@frettabladid.is

Erpur fékk nú fyrir gallharða ádeilu



„Þetta eru svín á Arnarnesinu að sulta í kóki og kjaftæði,“ segir Erpur Eyvindarson marmíðunarhönnuður með meiru.

Erpur skiladi nýverjið inn útskrifarverkefni sínu í Margmiðlunarskólanum og hefur gripjið til þess ráðs að sýna það á netinu. Um er að ræða átta mínútna stuttmynd, klippi- og hreyfimynd sem hefur hangjið uppi á Eyjunni og um þúsund manns hafa nú skoðað. Það tók Erp heila önn að vinna myndina með fulltingi þar til gerðra forrita og telst hann nú margmiðlunarhönnuður. Erpur útskrifaðist með glans. Fyrir

verkefnið fékk hann nú en sem útskrifarverkefni hlýtur myndin að teljast sérstæð því hún er gallhörd ádeila á nýríkt lið sem búsett er á Arnarnesinu. Efni verkefnisins virðist ekki hafa staðið í leiðbeinendum hans við skólann nema síður sé.

„Ég hef ekkert á móti Arnarnesinu. Á vini sem eru þar. En á nesinu eru reyndar meðaltekjurnar hærri en gengur og gerist miðað við vinnuframlag,“ segir Erpur sem aldrei dregur af sér þegar samfélagsgagnrýnin er annars vegar. Myndin fjallar um firtra svínafjölskyldu, Lobster-fjölskylduna og vandamál hennar. Erpur segist aðdáandi George Orwells og svínin séu tákn fyrir óhóf og ósanngirni samanber Animal Farm. „En nú nenna engin svín að stofna stjórnmalaflokk. Þau fara bara beint í bankana. Þaðan ná þau völdum í samfélaginu og geta ráðið önnur svín til að vera á þingi í leiðindunum.“

BENEDIKT LOBSTER

Úr mynd Erps. Svíníð á Arnarnesinu á við fáfengileg vandamála að stríða sé miðað við venjulegt fólk.



ERPUR Gallhörd ádeila í útskrifarverkefni hans stóð ekki í leiðbeinendum nema síður sé, en Erpur útskrifaðist með níu í einkunn.

- jbg

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN



Stál

175 CM

Verð nú 94.900 ÞÚ SPARAR 25.000

Electrolux
175 cm hár kæli- og frystiskápur með sérlega vandaðri innréttingu.
✓ 223 lítra kæli og 110 lítra frystir
✓ Flöskurekki
✓ Glerhillur með kanti
✓ Kámfritt stál
✓ HxBxD: 175x59,5x62 cm
✓ Verð áður kr 119.900



159 CM

Verð nú 59.900 ÞÚ SPARAR 10.000

ZANUSSI
159 cm hár kæli- og frystiskápur með frysti að ofanverðu
✓ 220 lítra kæli og 50 lítra frystir
✓ Glerhillur
✓ Sjálfvirk affrysting í kæli
✓ HxBxD: 159x55x60 cm
✓ Verð áður kr 69.900

appliance

Blástursofn
Fjölkerfa blástursofn með blæstri, litlu og stóru grilli ásamt undir- og yfirhita
✓ Tvöfalt gler í ofnhurð
✓ Orkuflökkur A
✓ Kámfritt stál

Keramík helluborð
Með snertitökkum, barnalæsingu með glerkanti
✓ Auðvelt að þrifa
✓ Fljótvirkar hellur
✓ Verð samtals áður kr. 109.900

Electrolux
Blástursofn
Hluti af nýju Bright línunni. Afar vandaður sjálfhreinandi ofn með mörgum eldunarkerfum
✓ Fjórfalet gler í ofnhurð - A orkuflökkur
✓ Katalískur sjálfhreinisbúnaður
✓ Snertitakkar, kjóthitamælir og Bright ljósrónd

Spansuðuhelluborð
Vandað spansuðuhelluborð með snertitökkum
✓ 2 Booster hraðhellur
✓ Klukka og barnalæsing
✓ Glerkantur
Verð samtals áður 264.800

SETT VERÐ
Bæði tækin **79.900** AFSLÁTTUR 28%

Sjálfhreinandi
SETT VERÐ
Bæði tækin **199.900** ÞÚ SPARAR 64.900
Electrolux **TOPP MÓDEL** ★★★★★

12.-19. SEPTEMBER
VERÐFALL
VIKUNNAR



1400 SN - 6 KG

Verð nú 74.900 ÞÚ SPARAR 15.000

Electrolux
Afburða góð 1400 snúninga hraðþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni
✓ Tekur allt að 6 kg af tauti
✓ Hraðval á algengum þvottakerfum + öflugt handþvottakerfi
✓ Framstillt ræsing möguleg
✓ Skjár sem sýnir þvottatíma
✓ Stórt hurðaoop
✓ Hljóðlát og lipur í notkun
✓ Verð áður kr 89.900



Barkalaus með rakaskynjara

Verð nú 74.900 ÞÚ SPARAR 10.000

Electrolux
Barkalaus þéttþurrkari með rakaskynjara. Stoppar sjálfvirk þegar þvotturinn er orðinn þurr
✓ Tekur allt að 6 kg af tauti
✓ Kerfi fyrir bæði venjulegan og viðkvæman þvott
✓ Krumpuvörn
✓ Veltir til beggja átta
✓ Stórt hurðaoop
✓ Einfalt og skýrt stjórnborð
✓ Verð áður kr 84.900



1600 SN - 6 KG

Verð nú 84.900 ÞÚ SPARAR 15.000

ZANUSSI A/A/A
Toppgerðin frá Zanussi. 1600 snúninga hraðþvottavél með stafrænu stjórnborði og skjá
✓ Tekur allt að 6 kg af tauti
✓ Hraðval á helstu kerfum
✓ A/A/A einkunn fyrir þvott/vindu/orku
✓ Mörg sérkerfi s.s. gallabuxnakkerfi, ullakerfi og hanþvottakerfi
✓ Stórt hurðaoop
✓ Framstillt ræsing möguleg
✓ Verð áður kr 99.900



Electrolux
Vel hljóðeinangruð uppþvottavél með 5 þvottakerfum þ.á.m. hraðkerfi og 70°C erfiðskerfi
✓ Fuzzylogic þvottatækni
✓ Vönduð innrétting
✓ 5 þvottakerfi
✓ A/A/A einkunn
✓ HxBxD: 82-88x59,5x58 cm
✓ Verð áður kr 84.900

ZANUSSI
Topp uppþvottavél í kámfri stáli með 5 þvottakerfum þ.á.m. 35 mín. hraðkerfi
✓ 3 hitastig
✓ A-80 erfiðskerfi
✓ Klukka sem sýnir tímalengd
✓ Framstillt ræsing möguleg
✓ A/A/A einkunn
✓ Verð áður kr 94.900



Stál

Verð nú 79.900 ÞÚ SPARAR 15.000

ÖLL VÖFFLUJÁRN & KLEINUHRINGJAJÁRN

20% afsl.

Brauðrist stál 3.990

Samlokugrill 3.990

Kaffikvörn 3.990

Rafmagnspanna 4.990

Hraðsuðukanna 3.990

Hakkari/tætari 3.990

EITT VERÐ 2.990 Pr. stk

appliance

Verð nú 29.900 ÞÚ SPARAR 20.000

Flottur veggsháfur með gler-skyggni
✓ 870 rúmmetra sogafköst
✓ Halogen lýsing
✓ 3 hraðastillingar
✓ Verð áður kr 49.900

Electrolux
Besta eldavélin frá Electrolux hlaðin þægindum og lúxus! Extra stór ofn!
✓ Fjölvirkur blástursofn með 9 eldunarkerfum
✓ Stórt og lítið grill ásamt sérstöku pizzakerfi
✓ Sjálfhreinandi ofn
✓ Stækkanlegar hellur
✓ Allar hellur High Light hraðhellur
✓ InSight gluggi og stór ofn
✓ Stór geymsluskúffa
✓ Sænsk framleiðsla
✓ Barnalæsing
✓ HxBxD: 82-91x59,5x60 cm
✓ Verð áður kr 149.900

Hvít eða stál!

Verð nú 124.900 ÞÚ SPARAR 25.000

Electrolux TOPP MÓDEL ★★★★★

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



BAKÞANKAR
Práins
Bertelssonar

Athyglisvert (vara)forsetaefni

Frú Sarah Palin, varaforsetaefni ellibelgsins McCains, hefur ekki gert víðreist um veröldina. Hún mun hafa ferðast fjórum sinnum til útlanda. Það þarf að sjálfsgöðu ekki að vera ókostur að hafa asklok fyrir himin, því að til að mynda margir íslenskir stjórnmálamenn sýna lítil merki um andlegar framfarir þótt þeir eyði allt að fjórðungi starfsævi sinnar á dagpeningum erlendis. Hitt er einkennilegra að frú Palin þvertur fyrir að hafa nokkru sinni hitt að máli útlend mikilmenni og einkum og sérílagi harðneitar hún því að hafa hitt erlenda þjóðhöfðingja – og aftekur þar með að viðurkenna að síðastliðið haust mætti hún engum öðrum en forseta Íslands á ráðstefnu um jarðhita í Alaska. Dr. Ólafur Ragnar mun hins vegar hafa farið oft en fjórum sinnum til útlanda. Engin skýring hefur ennþá fengið á þessari furðulegu afneitun frú Palin, en ekki er vitað um önnur dæmi þess að mektarfólk sem hefur eitt sinn hitt dr. Ólaf Ragnar gleymi þeim atburði.

AÐ undanfögnu hefur Sarah Palin sagt fleiri athyglisverða hluti. Hér eru nokkur dæmi sem sýna að Íslendingar eiga alls ekki einkarétt á sérkennilegum tilsvörum stjórnmálamanna: „Varðandi þetta varaforsetaembætti sem allir eru alltaf að spyrja mig út í þá get ég ekki svarað spurningum um það fyrir en einhver er búinn að útskýra fyrir mér hvað það er nákvæmlega sem varaforsetinn gerir á daginn.“

„**VIÐ** skulum biðja fyrir hermönnum okkar og -konum sem eru að bíta við að gera það sem er rétt. Líka skulum við biðja fyrir landinu okkar, og að leiðtogar þjóðarinnar séu að senda hermenn til að ganga Guðs erinda. Þetta er það sem við verðum að minnst á í bænum okkar, að til sé áætlun og að sú áætlun sé áætlun frá Guði.“ „Ég hef reyndar einbeitt mér að því að stjórna Alaska að undanfögnu svo að ég hef vöðu lítið getað þælt í stríðinu í Írak.“

„**UMHVERFISBREYTINGAR** munu hafa meiri áhrif á Alaska en nokkurt annað fylki í Bandaríkjunum – vegna þess hvar það er staðsett. Ég er þó alls ekki ein af þeim sem halda að umhverfisbreytingar séu af manna völdum.“

SVO eru menn að tala um að George W. Bush sé ekki dæmi gerður fulltrúi þjóðar sinnar.


GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn
15. september, 259. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.49	13.23
Akureyri	6.34	13.08

Heimild: Almanak Háskólans

Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

 **SUBARU**

SUBARU GERIR BETUR



2.990.000 kr.


FYRIR SJÁLFSKIPTAN FJÓRHJÓLADRIFINN LEGACY

Margir velja SUBARU vegna þess að hann bílar svo sjaldan. Enn fleiri velja SUBARU vegna þess að hann er fjórhjóladrifinn, öruggur, með ríkulegan staðalbúnað og á hagstæðu verði. Flestir velja þó SUBARU vegna alls þessa og þeirrar staðreyndar að SUBARU er góður í endursölu. Við bjóðum nú takmarkað magn af SUBARU LEGACY SEDAN á sérstökum kjörum. SUBARU GERIR BETUR!




Ríkulegur búnaður:
Fjórhjóladrif, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geislasplari, 17" álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt, tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölvu, hraðastillir o.m.fl.

SÉRSTAÐA SUBARU

 Subarú er með AWD sidríf – alltaf með dríf á öllum hjólum. Þetta gerir hann góðan í snjó og á erfiðum vegum en þýðir líka að hann lætur frábærlega að stjórn í venjulegum akstri. Boxer vélin er hönnunarafræk út af fyrir sig. Hún liggur lárétt í vélarrúminu og er því með lágan þyngdarpunkt sem eykur jafnvægi bílsins og margfaldar eiginleika AMD-sidrífsins.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Öseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

 **INGVAR HELGASON**